

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson segir mikilvægt að greina streituvalda og losa um þá. 15



**MENNING** Bandaríski leikarinn J.J. Feild flaug hingað til lands í einn dag til að vera við tökur á Borgríki 2. 30



**SPORT** Annað sætið ætti að duga íslenska liðinu í umspil fyrir HM. 26






# FRÉTTABLAÐIÐ


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
10. september 2013
212. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Noregur til hægri

Flokkar til hægri unnu öruggan sigur í kosningum til norska Stórþingsins í gær. 10

**Vantreysta íslenskum sérfræðingum** Lögmenn Annþórs Karlssonar og Barkar Birgissonar, sem sakaðir eru um að hafa orðið samfanga sínum á Litla-Hrauni að bana, krefjast aðkomu erlendra sérfræðinga að málinu. 4

**Hluti af áróðri** Forsendur í skýrslu um uppbygginguu raforkukerfis halda ekki vatni og eru hluti af áróðri segir formaður Landverndar. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 11° | | SA 8 |
| Akureyri | 14° | | SA 5 |
| Egilsstaðir | 15° | | SA 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | | SA 5 |
| Reykjavík | 12° | | SA 12 |

**HVESSIR MEÐ VÆTU** Gengur í hvassa SA-átt með mikilli rigningu S- og V-lands. Hægari og bjart NA-til. Hiti 8-15 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**




# Tugmilljarða króna þarf í ferðaþjónustu

Fjölgun erlendra ferðamanna er nú fimm árum á undan áætlun. Þjóðarátak þarf til að byggja upp innviði ferðaþjónustu. Samgöngur og gisting eru stór álitamál. Eins hvort við framleiðum nógu mikið lambakjöt fyrir 1,5 milljónir ferðamanna.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þjóðarátak þarf í uppbyggingu innviða til að taka á móti síauknum ferðamannastraumi. Ekkert bendir til annars en erlendir gestir nái einni milljón árið 2015; fimm árum fyrr en talið var árið 2011. Tugmilljarða fjárfestingu þarf í samgöngum, gistingu og afþreyingu.

Stefnir í að fjöldi erlendra ferðamanna nái yfir 800 þúsund á þessu ári. Vöxturinn í lok ágúst var um 22 prósent. Gunnar Valur Sveinsson, hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, segir fjölgunina svo hraða að bregðast verði við án tafar.

„Það má segja að til þurfi þjóðaráætlun, svo allir séu að vinna að sama markmiði," segir Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður hjá Íslandsstofu. Fjárfesta verði fyrir tugmilljarða til næstu ára. Hætta sé á að innviðir landsins anni ekki eftirspurninni.

„Með svo örum vexti er hætta á gullgrafaraæði þar sem þjónustan er ekki ásættanleg," segir Gunnar Valur. Svara þurfi því hvað gefa eigi öllu þessu fólki að borða, og hvernig. „Erum við með nóg af lambakjöti í landinu, ef við mátum okkur við 1,5 til tvær milljónir ferðamanna á ári?" spyr Gunnar Valur. - shá / sjá síðu 6

> **Með svo örum vexti er hætta á gullgrafaraæði þar sem þjónustan er ekki ásættanleg.**
>
> *Gunnar Valur Sveinsson hjá Samtökum ferðaþjónustunnar*

Sextíu í þjónustuíbúðum:

## Einn maður á næturvaktinni

**HEILBRIGÐISMÁL** Kannað er hvort úrbóta er þörf á þjónustuíbúðum Laugardals og Háaleitis eftir að aldraður íbúi lést af slysförum við húsið aðfaranótt laugardags. Þetta segir Aðalbjörg Traustadóttir, forstöðumaður íbúðanna.

„Eitt af því sem við erum að skoða sérstaklega er hvort það þurfi að breyta staðsetningu öryggismyndavéla á þann hátt að vaktmaðurinn hafi yfirsýn yfir alla útgangana í einu," segir Aðalbjörg.

Aðeins einn starfsmaður er á vakt á nóttunni. Hlutverk hans er að fylgjast með því hverjir fara inn og út úr húsi í kjarnanum sem telur um sextíu íbúðir auk þess að líta til þeirra íbúa sem eiga að fá fast innlit að næturlagi.

- jme / sjá síðu 2



**LARS OG LIÐIÐ** Eiður Smári Guðjohnsen bregður sér í hlutverk Karatestráksins úr samnefndri kvikmynd á æfingu liðsins fyrir leikinn gegn Albaníu í kvöld. Þjálfarinn Lars Lagerbäck fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stórleikur gegn Albönum:

## Uppselt er á völlinn í kvöld

**KNATTSPYRNA** „Þetta er gríðarlega mikilvægur leikur og líklega einn sá mikilvægasti hjá Íslandi frá upphafi," segir Kolbeinn Sigþórsson, framherji íslenska landsliðsins í knattspyrnu.

Uppselt er á leik Íslands gegn Albönum í undankeppni HM sem fram fer á Laugardalsvelli í kvöld, en völlurinn tekur um tíu þúsund manns í sæti.

Eins og kunnugt er á Ísland enn möguleika á að komast í umspil um sæti í úrslitakeppni HM í Brasilíu næsta sumar. Til þess þarf hagstæð úrslit í leik kvöldsins og þeim tveimur leikjum sem fram undan eru í október, fyrst gegn Kýpur á heimavelli og loks gegn Norðmönnum í Ósló.

Albanir eru í 38. sæti styrkleikalista FIFA, 32 sætum fyrir ofan Ísland.

- gar, ktd / sjá síðu 26






Hugsanlega mun minni fjárframlög til kvikmyndagerðar á næsta ári:

# Segir niðurskurðarleið sorglega

**MENNING** „Mér finnst það sorglegt ef ríkisstjórnin kýs að fara þessa leið þrátt fyrir þaulunnar rannsóknarskýrslur hámenntaðra hagfræðinga sem sýna svart á hvítu fram á að framlögin skila hagnaði til baka, einfaldara gæti það ekki verið eða hvað?," segir Rannveig Jónsdóttir kvikmyndaframleiðandi um hugsanlegan niðurskurð á framlögum til Kvikmyndasjóðs Íslands.

Fram kom á Vísi í gær að rætt hefði verið um allt að fjörutíu prósenta niðurskurð í fjárlögum næsta árs.

Kristín Atladóttir, sérfræðingur á sviði menningarhagfræði, segir ekki hægt að draga stórar ályktanir af órökstuddum niðurskurðinum. „Burtséð frá því er þó ljóst að það er mjög neikvætt fyrir rekstur fyrirtækja, sem í flestum tilfellum eru smá og viðkvæm fyrir breytingum, þegar rekstrarforsendur breytast í sífellu."

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vill ekki tjá sig um einstök atriði fjárlaganna sem nú eru í undirbúningi. „Það er ekki tímabært að tala um þetta en ég get sagt almennt um fjárfestingaráætlun fyrrverandi ríkisstjórnar að hún var illa fjármögnuð."

- ósk / sjá síðu 38



RANNVEIG JÓNSDÓTTIR



KRISTÍN ATLADÓTTIR



BJARNI BENEDIKTSSON

> **Ég get sagt almennt um fjárfestingaráætlun fyrrverandi ríkisstjórnar að hún var illa fjármögnuð.**
>
> *Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra*




## SPURNING DAGSINS



**Magnús, var þetta rússnesk kosning?**

**„Ekki alveg. Það voru þarna einhverjir fjórir sem létu sér ekki segjast.“**

Magnús Júlíusson var kosinn formaður SUS um helgina með 94% atkvæða. Hann hlaut 58 atkvæði af 62 greiddum atkvæðum.

KVOS, móðurfélag prentsmiðjunnar Odda, leitar nýrra hluthafa:

# Samið um aðkomu Ísfélagsins



GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR

**VIÐSKIPTI** Ísfélagið í Vestmannaeyjum á í viðræðum um kaup á hlut í Kvos hf, móðurfélagi prentsmiðjunnar Odda. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru viðræðurnar vel á veg komnar og búist við niðurstöðu úr þeim um miðjan mánuðinn.

Guðbjörg M. Matthíasdóttir, útgerðar- og athafnakona í Vestmannaeyjum, er helsti eigandi Ísfélagsins. Hún er jafnframt stærsti eigandi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, í gegnum félögin Hlyn A og Ísfélagið. Samtals eiga félögin tvö tæplega 30 prósent í Árvakri.

Ekki liggur fyrir hversu stóran hlut Ísfélagið vill eignast í Kvos, en heimildir blaðsins herma að nýrra hluthafa hafi verið leitað um nokkurt skeið. Í kjölfar hruns krónunnar árið 2008 eignuðust kröfuhafar Kvos árið 2010. „Með því að leggja fram nýtt hlutafé gátu nokkrir úr fjölskyldunum sem stofnuðu fyrirtækið fyrir tæpum 70 árum eignast prentsmiðjuna á ný. Enginn fékk neitt gefins í afskriftum fjármálastofnana og enginn tapaði eins miklu og gömlu eigendurnir,“ segir á vef Kvosar, en félagið varð til í ársbyrjun 2006 sem móðurfélag prentsmiðjunnar Odda, Gutenberg, Kassagerðarinnar og fleiri fyrirtækja í prentiðnaði á Íslandi og erlendis. - óká

Unglingur í umsjá yfirvalda:

# Rætt verður við aðstandendur

**LÖGREGLUMÁL** Barnaverndaryfirvöld hafa nú í sinni umsjá pilt sem sótt hafði um hæli á Íslandi ásamt föður sínum. Faðir hans svipti sig lífi í Skessuhelli norðan smábátahafnarinnar í Reykjanesbæ á sunnudag.

Að sögn lögreglu urðu börn sem voru að leik mannsins vör.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður í kjölfarið haft samband við ættingja piltsins í föðurlandi hans, í samráði við hann sjálfan. - sh

Kosningar í Moskvu:

# Navalní vill láta telja upp á nýtt

**RÚSSLAND, AP Rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalní hefur krafist þess að atkvæði í borgarstjórakosningunum sem fram fóru í Moskvu um helgina verði talin á ný.**

**Sergei Sobjanín, sem er álitinn hallur undir Vladimír Pútín forseta, hlaut rétt rúmlega 51 prósent atkvæða. Það tryggði að ekki þarf að kjósa á milli Sobjaníns og Navalnís, sem varð í öðru sæti með 27 prósent atkvæða.**

**„Við viðurkennum ekki úrslit þessara kosninga,“ sagði Navalní. Meginathugasemd þeirra lýtur að því að þeim þykir hlutfall Sobjaníns af atkvæðum greiddum heiman frá fólki vera óeðlilegt.** - þj

Ákærður fyrir innherjasvik:

# Erlendur krefst frávísunar

**DÓMSMÁL** Erlendur Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri deildar skuldsettrar fjármögnunar hjá Glitni, krafðist þess í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að máli Sérstaks saksóknara á hendur honum fyrir innherjasvik yrði vísað frá dómi.

Erlendur sætir ákæru fyrir að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar þegar hann seldi bréf í eigu félagsins Fjársjóðs ehf., í eigu hans og konu hans, fyrir tíu milljónir vorið 2008. Þingfesting ákærunnar var á dagskrá í gær en Erlendur hyggst ekki taka afstöðu til ákærunnar fyrr en niðurstaða um frávísunarkröfuna liggur fyrir. - sh



**FLAK RÚTUNNAR Í FJALLSHLÍÐINNI** Allmörg börn voru meðal hinna látnu, þar á meðal þrjú ungbörn. NORDICPHOTOS/AFP

Rútuslys í Gvatemala kostaði tugi manns lífið:

# Rútan hrapaði niður í djúpt gil

**GVATEMALA Að minnsta kosti 40 manns létu lífið þegar farþegaflutningabifreið hrapaði fram af klettum niður í djúpt gil í Gvatemala.**

**Um áttatíu manns voru í bílnum og voru um fjörutíu þeirra fluttir á sjúkrahús, en aðrir voru taldir látnir. Margir þeirra féllu úr bílnum áfram lengra niður í gljúfrið, en neðst niðri í gilinu er straumhart fljót.**

**Ekki er vitað hvað olli slysinu, en rútan var á leiðinni til Gvatemalaborgar. Björgunarmenn segja að of margir farþegar hafi verið í bílnum. Meðal hinn látnu voru allmörg börn, þar á meðal þrjú ungbörn.** - gb



**NORÐURBRÚN 1** Þar búa á sjötta tug aldraðra. Einn er á vakt á nóttunni og á hann að sinna öllum íbúum hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Einn á næturvakt fyrir um sextíu íbúa

Starfsmenn Reykjavíkurborgar ætla að skoða hvort breyta þurfi næturvörslu og staðsetningu öryggismyndavéla við Norðurbrún í kjölfar þess að aldraður maður fór út um nótt án þess að hans yrði vart og lést síðan af slysförum.



AÐALBJÖRG TRAUSTADÓTTIR

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum að fara yfir alla þætti þessa máls og það verður skoðað sérstaklega hvort úrbóta sé þörf. Við höfum átt fundi með starfsfólki og íbúum og ætlum að eiga fund með aðstandendum hins látna,“ segir Aðalbjörg Traustadóttir, forstöðumaður þjónustuíbúða Laugardals og Háaleitis. Þjónustuíbúðir fyrir aldraða við Norðurbrún falla undir þann kjarna. Aðfaranótt laugardags lést vistmaður þar af slysförum.

Félagsbústaðir eiga 59 þjónustuíbúðir við Norðurbrún 1. Þar leigir fólk af borginni sem er orðið of veikburða til að dvelja eitt heima en ekki nógu veikt til að vera á hjúkrunarheimili. Íbúarnir hafa lykla að útidyrum. Þeir þurfa mismikla þjónustu, hver og einn á að fá þjónustu í samræmi við heilsufar. Meðalaldur íbúanna er 89 ár. Um nætur er einn starfsmaður á vakt og hefur hann aðsetur í anddyri hússins. Þar er inngangur í húsið en auk hans eru tveir aðrir inngangar. Öryggismyndavélar eru við alla inngangana. Vaktmaðurinn hefur ekki yfirsýn yfir alla útgangana í einu á sjónvarpsskjá. Auk þess að fylgjast með því hverjir koma og fara inn í húsið á næturvörðurinn að líta til þeirra sem hafa fast innlit og sinna þeim sem hringja og biðja um aðstoð.

„Eitt af því sem við erum að skoða sérstaklega er hvort það þurfi að breyta staðsetningu öryggismyndavéla á þann hátt að vaktmaðurinn hafi yfirsýn yfir alla útgangana í einu,“ segir Aðalbjörg.

Af upptöku úr öryggismyndavél sést að hinn látni fór úr húsi tíu mínútur yfir eitt aðfaranótt laugardags, án þess að næturvörðurinn yrði þess var. Hann féll fram af steinvegg við bílastæði Hrafnistu og um klukkan hálf þrjú fann starfsmaður Hrafnistu hann mikið slasaðan. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús en lést síðar af sárum sínum.

Ekki var litið til með honum á nóttunni þar sem þess þótti ekki þörf. Hinn látni, sem var á níræðisaldri, beið eftir því að komast í færni- og vistunarmat.

johanna@frettabladid.is


# BRIDS SKÓLINN



**BYRJENDUR** (stig 1) **23. september** 8 mánudagar frá 20-23
**KERFIÐ** (stig 2) **25. september** 8 miðvikudagar frá 20-23

- **STIG 1** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.
- **STIG 2** Höfuðáhersla á framhald sagna í Standard, en úrspil og vörn eru ekki langt undan. Mikið spilað. Ekki nauðsynlegt að koma með makker.
- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík.
- Sjá nánar á **bridge.is** undir „fræðsla“.
- Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.


Aðkoma VÍS að nágrannavörslu í Rangárþingi ytra gagnrýnd í hreppsnefnd:

# Buðu afskrift gegn viðskiptum



**HELLA** Efla átti nágrannavörslu á Hellu og öðrum þéttbýliskjörnum Rangárþings ytra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar minnihluta Á-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra gagnrýna utanumhald og kostnað við nágrannavörslu í sveitarfélaginu. Fulltrúarnir höfðu samþykkt tillögu meirihluta sjálfstæðismanna um að auka skipulagningu á nágrannavörslu.

„Ekkert fréttist af málinu fyrr en VÍS var allt í einu orðið samstarfsaðili án samnings þar um,“ bókuðu fulltrúar Á-listans. Nú sé ætlast til að sveitarfélagið borgi rúmlega 400 þúsund króna kostnað. „Fulltrúar Á-lista taka ekki þátt í svona vinnubrögðum og gera einnig alvarlegar athugasemdir við það að VÍS bjóðist til að fella niður kostnað ef vátryggingafélagið fær vátryggingapakka sveitarfélagsins sem nú stendur til að bjóða út. Það geta varla talist eðlilegir viðskiptahættir að opinber aðili eins og sveitarfélagið geti gengið að þannig kjörum.“

Meirihlutinn sagði að vegna samstarfs við VÍS um tryggingar hafi verið leitað eftir sérfræðiþekkingu félagsins um nágrannavörslu almennt.

Til þess að tryggja algjört hlutleysi í komandi útboði á tryggingum væri lagt til að áðurnefndur kostnaður yrði greiddur „og með því tryggt að engin slík hagsmunatengsl verði til staðar þegar mat verður lagt á tilboð í tryggingapakkann,“ bókaði meirihlutinn. - gar



# HVER ER LÉTTASTA LEIÐIN AÐ ÞINNI ÍBÚÐ?

**Opinn fræðslufundur um fjármögnun fasteignakaupa.**

| | |
|---|---|
| 17.30 | Fundur settur. |
| 17.35-18.05 | Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fer yfir það sem er vert að hafa í huga við fjármögnun fasteigna ásamt því að bera saman óverðtryggð og verðtryggð íbúðalán. |
| 18.05-18.30 | Sveinn Gíslason, svæðisstjóri á höfuðborgarsvæðinu, kynnir lánakosti bankans. |
| 18.30-18.45 | Fjármálaráðgjafar svara spurningum og veita ítarlega ráðgjöf um þá lánamöguleika sem bankinn býður. |
| 18.45 | Fundi slitið. |

**Nýttu þér þetta tækifæri ef þú hefur áhuga á endurfjármögnun eða ert í fasteignakaupahugleiðingum.**

Fundurinn er opinn öllum og verður haldinn í Arion banka, Borgartúni **19, miðvikudaginn 11. september kl. 17.30.**

Ef þú átt ekki kost að koma á fundinn eru fjármálaráðgjafar okkar reiðubúnir að aðstoða í næsta útibúi Arion banka.

**Skráning er á arionbanki.is.**

Arion banki

## SVONA ERUM VIÐ



**13%** **íslenskra karla borða í samræmi við ráðleggingar um saltneyslu**

**og svo á við um 36% íslenskra kvenna.**

Samkvæmt ráðleggingum ættu karlar ekki að borða meira en sjö grömm af salti á dag en meðalneysla íslenskra karla er níu og hálft gramm á dag. Konur ættu ekki að borða meira en sex grömm en borða sex og hálft.

*Heimild: Landlæknir*

Seðlabankinn hefur aftur kært stjórnendur Samherja til saksóknara vegna gjaldeyrismála:

# Forstjóri brigslar seðlabankastjóra um lygi

**VIÐSKIPTI** Seðlabanki Íslands hefur öðru sinni kært meint brot Samherja á gjaldeyrislögum til embættis sérstaks saksóknara. Fyrri kæran var send aftur til Seðlabankans þegar í ljós kom að hún byggði á lagaákvæði sem ekki var lengur í gildi.

Seðlabankinn sendi í ágúst kæru til saksóknara sem byggði á ákvæði í lögum um gjaldeyrismál sem snerist um refsiábyrgð lögaðila. Gallinn var sá að það ákvæði var afnumið með breytingu á lögunum árið 2008.

Seðlabankinn sendi því nýja kæru í gærmorgun, að þessu sinni á hendur stjórnendum Samherja sjálfum.

Málið hefur verið til rannsóknar hjá Seðlabankanum síðan í fyrravor.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, það ekki hafa komið sér á óvart að fyrri kærunni hafi verið vísað frá. Þorstein sagði Má Guðmundsson hafa logið til um margt er varðar málið og komið fram af offorsi:

„Það er aldrei rætt við okkur í Samherja um þetta mál. Nú er liðið eitt og hálft ár, það er búið að halda okkur stjórnendum og starfsmönnum nánast í gíslingu síðan og við höfum aldrei fengið neinar heimildir um þetta mál nema í gegnum fjölmiðla.“ **- sh / - þþ**



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON** Forstjóri Samherja segir upplýsingar skorta frá Seðlabankanum.



**LÁTIÐ VAÐA** Mótmælandi lætur hér logandi bensínsprengju vaða í átt að lögreglu í Istanbúl í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Enn er undirliggjandi ólga til staðar í Tyrklandi:

## Eldsprengjurnar flugu í Istanbúl

**TYRKLAND Til átaka kom í Istanbúl í gær þar sem lögregla lét til skarar skríða gegn hópi fólks sem hafði komið saman í Okmeydani-hverfinu.**

**Fólkið safnaðist saman til stuðnings við Berkin Elvan, fjórtán ára pilt sem er enn í dái á sjúkrahúsi eftir að hafa fengið táragashylki frá lögreglu í höfuðið á meðan á mótmælunum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Gezi-garð stóð í júní. Drengurinn var ekki þátttakandi í mótmælunum, heldur var á leið út í búð þegar hann fékk hylkið í höfuðið.**

**Frá þessu segir á fréttavefnum Hurriyet, en ekkert kemur þar fram um hvort nokkur hafi slasast í átökunum í gær.** **- þj**

Handtekinn við slökkvistarf:

## Átti að slökkva elda en kveikti

**SVÍÞJÓÐ** Slökkviliðsmaður í Blekinge í Svíþjóð var handtekinn á sunnudag við slökkvistarf. Hann er grunaður um að hafa sjálfur kveikt í. Hann er líka grunaður um vera valdur að eldsvoða í ágústlok.

Á fréttavef Metro segir að í apríl hafi slökkviliðsmenn talið sig geta greint mynstur í tuttugu eldsvoðum á svæðinu. Rannsókn lögreglu leiddi til handtöku mannsins. Frekari rannsókn á að leiða í ljós hvort slökkviliðsmaðurinn ber ábyrgð á fleiri eldsvoðum en þeim tveimur sem hann er nú grunaður um. **- ibs**

Fengu markaðsleyfi í Japan:

## Lyf Actavis á Japansmarkað

**VIÐSKIPTI Lyfjafyrirtækið Actavis fékk nýverið markaðsleyfi í Japan fyrir veirusýkingalyfið Valaciclovir. Lyfið var þróað í samstarfi við japanska fyrirtækið ASKA.**

**Veirusýkingalyfið er fyrsta lyfið sem er þróað og framleitt hér á landi fyrir almennan markað í Japan.**

**Í tilkynningu frá fyrirtækinu vegna þessa segir að leyfisveitingin sé mikil viðurkenning fyrir Actavis sökum þess að lyfjamarkaðurinn í Japan sé einn sá kröfuharðasti í heimi.** **- hg**

# Treysta ekki hlutleysi íslenskra sérfræðinga

Verjendur Annþórs Karlssonar og Barkar Birgissonar vilja fá erlenda sérfræðinga til að vinna matsskýrslur í líkamsárásarmáli sem leiddi til dauða. Tvímenningarnir séu of illa þokkaðir hér á landi til að hægt sé að treysta íslenskum sérfræðingum.

**DÓMSMÁL** Verjendur Annþórs Kristjáns Karlssonar og Barkar Birgissonar treysta því ekki að íslenskir sérfræðingar gæti hlutlægni í máli þar sem tvímenningarnir eru sakaðir um líkamsárás á Litla-Hrauni sem leiddi til dauða. Þeir hafa þess vegna farið fram á yfir- og endurmat erlendra sérfræðinga á rannsóknarniðurstöðum þeirra íslensku.

Annþór og Börkur sæta ákæru fyrir að hafa ráðist á samfanga sinn, Sigurð Hólm Sigurðsson, á Litla-Hrauni í maí í fyrra með þeim afleiðingum að milta hans rofnaði og hann lést í kjölfarið. Þeir neita sök.

Við síðustu fyrirtöku málsins lögðu verjendurnir fram þríþætta kröfu: Í fyrsta lagi vilja þeir fá aðgang að öllum málsskjölum, líka þeim sem lögregla telur að hafi ekki þýðingu í málinu.

Í öðru lagi krefjast þeir þess að þýskur réttarmeinafræðingur sem þeir hafa sett sig í samband við vinni endurmat á niðurstöðum Þóru Steffensen, íslensks réttarmeinafræðings sem er búsettur í Bandaríkjunum. Hún var fengin að málinu til að skerpa á niðurstöðum annars þýsks réttarmeinafræðings sem fyrstur rannsakaði lík Sigurðar.

Í þriðja lagi krefjast þeir að erlendur sálfræðingur verði fenginn til að vinna svokallað yfirmat á sálfræðimati Gísla Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar, sem rýndu í atferli og samskipti fanga á upptökum úr öryggismyndavélum.





**ANNÞÓR OG BÖRKUR LEIDDIR FYRIR DÓMARA** Tvímenningarnir afplána nú sjö og sex ára fangelsisdóma fyrir hrottalegar líkamsárásir. Þeir hafa áfrýjað dómnum til Hæstaréttar. Þar hefur málið ekki verið tekið fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Fordæmalaus rannsókn

Rannsóknin á andláti Sigurðar Hólm Sigurðssonar er án fordæma í sögu íslenskra lögreglurannsókna. Auk sálfræðimatsins sem liggur fyrir í málinu og er einstakt var byggð nákvæm eftirlíking af fangaklefa Sigurðar í húsakynnum Lögregluskólans. Þá var nokkrum samföngum þeirra leyft að bera vitni og njóta nafnleyndar, auk þess sem verkfræðingar voru fengnir til að meta kraftana sem þyrfti til að rjúfa milta hins látna og gerðar voru sérstakar mælingar á hljóðburði í fangelsinu.

„Við verjendurnir teljum að það sé ekki hægt að tryggja hundrað prósent hlutleysi innlendra sérfræðinga og því sé algjörlega nauðsynlegt að erlendir sérfræðingar verði fengnir til að gera matsskýrslur sem á að byggja á í málinu,“ segir Hólmgeir Elías Flosason, verjandi Annþórs. Svo illa þokkaðir séu sakborningarnir í íslensku samfélagi.

„Þeir eru það vel þekktir á Íslandi og hafa nú ekki almenningsálitið með sér, blessaðir.“ Með þessu séu þeir ekki að draga fagmennsku íslensku sérfræðinganna í efa. „En okkur þykir tryggilegra að þarna komi að erlendir aðilar sem hafi ekki grænan grun um þá sem slíka.“

Saksóknarinn Helgi Magnús Gunnarsson mun í dag taka afstöðu til krafnanna.

**stigur@frettabladid.is**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ROK OG RIGNING** Mikil rigning um sunnan- og vestanvert landið og snarpar vindhviður við fjöll suðvestan- og vestan til í dag. Snýst í hægari suðvestanátt í kvöld með skúraleiðingum.




**Á morgun**
8-15 m/s, hvassast V-til.




**Fimmtudagur**
Víða 10-18 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Billund | 18° | Gautaborg | 17° | London | 17° | Orlando | 30° | San Francisco | 21° |
| Basel | 17° | Frankfurt | 16° | Kaupmannahöfn | 17° | Mallorca | 28° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 19° |
| Berlín | 17° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 26° | New York | 28° | París | 18° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



**Audi A4** Avant 2,0TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.190.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Mercedes-Benz** ML350
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 158.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.790.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 200
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **9.390.000,-**



**Suzuki Grand Vitara**
**Sport.** Árgerð 2006, bensín
Ekinn 65.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.350.000,-**



**Audi Q7** 4,2
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 101.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.890.000,-**



**VW Passat** Highl EcoFuel At
Árgerð 2012, bensín/metan
Ekinn 24.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.450.000,-**



**VW Passat** Comfort Ecofuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 67.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.750.000,-**



**VW Passat** Highl. 2,0TDI
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 124.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.490.000,-**



**Skoda Fabia** Classic
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 64.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.690.000,-**



**Skoda Superb** Combi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 165.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.750.000,-**



**Range Rover** 4,4 HSE
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 65.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.990.000,-**



**Audi A4** 2,0 TDi AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.990.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 132.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.950.000,-**



Tilboð **1.490.000,-**

**VW Passat** Comfortline
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 95.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.850.000,-**



**Audi A3** Sportback 2.0 Fsi At
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.890.000,-**



**Nissan Navara** LE
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 152.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.690.000,-**



**Toyota Corolla** 1,4 VVTi
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 126.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.350.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar vill listamaðurinn Baski reisa minnisvarða um árangur knattspyrnumanna?
**2.** Hvar fer þing alþjóðasamtaka rithöfunda, PEN, fram þessa dagana?
**3.** Hver er nýkjörinn formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna?

**SVÖR:**

**1.** Á Akranesi. **2.** Í Reykjavík. **3.** Magnús Júlíusson verkfræðinemi.

Farið að reyna á breytt lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda ofbeldis:

# 1.500 þúsund í bætur í stað 600 þúsunda

**DÓMSMÁL** Nær tíu konur hafa fengið bætur samkvæmt nýjum lögum um bætur til þolenda ofbeldis og fengu þær allar bætur vegna kynferðisbrota. Hæstu bæturnar sem greiddar hafa verið eru 1.500 þúsund krónur. Í nokkrum tilvikum fengu konur eina milljón króna í bætur, að sögn Halldórs Þormars Halldórssonar, lögfræðings hjá Sýslumanninum á Siglufirði sem hefur umsjón með bótagreiðslunum.

Samkvæmt eldri lögunum var greiðsla ríkissjóðs á miskabótum, sem átti venjulega við í kynferðisbrotamálum, að hámarki aðeins 600 þúsund krónur og hafði verið óbreytt frá árinu 1995. Með breytingu á lögunum voru hámarksbætur fyrir miska hækkaðar í þrjár milljónir króna. Þolandi kynferðisbrots getur jafnframt krafist bóta vegna andlegs tjóns sem telst varanlegur miski.

Lagabreytingin um hærri bætur tók gildi í júní í fyrra en greiðslur samkvæmt henni hófust þó ekki fyrr en nú í sumar. „Málin eru lengi að velkjast í kerfinu þar til dómsniðurstaða fæst. Svo líður einhver tími áður en málin koma til okkar,“ segir Halldór. Hann getur þess að umsóknum um greiðslu vegna kynferðisbrota sem hafa verið kærð fari fjölgandi.

Hámarksbætur fyrir líkamstjón, þ.m.t. fyrir varanlegar afleiðingar fyrir andlega og líkamlega heilsu tjónþola, voru hækkaðar í fimm milljónir króna en voru áður 2,5 milljónir króna. **- ibs**



**HALLDÓR ÞORMAR HALLDÓRSSON** Að sögn Halldórs hefur hæsta greiðslan samkvæmt nýju lögunum verið 1.500 þúsund krónur. Samkvæmt eldri lögunum hefði greiðslan verið 600 þúsund krónur.


Píanóskóli Þorsteins Gauta
Ármúli 38
S: 5516751 og 6916980
Píanónámskeið að hefjast.
Allir velkomnir.
Einkanám og hljómborðsnámskeið.
Byrjendur sem og lengra komnir
Munið frístundakortið !
pianoskoli@gmail.com





**STROKKUR** Ferðaþjónusta á Íslandi í hnotskurn? Byggja þarf upp innviði til að taka á móti einni til tveimur milljónum ferðamanna á næstu árum. Til þess eigum við langt í land. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Alhliða fjárfestingu þarf í ferðaþjónustu

Ef spár um fjölgun ferðamanna ganga eftir þarf stórtæka fjárfestingu einkaaðila og hins opinbera. Huga þarf að gistirými, samgöngum og afþreyingu.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Meiriháttar fjárfesting þarf að koma til í innviðum íslenskrar ferðaþjónustu á næstu árum ef svara á fjölgun erlendra ferðamanna ár frá ári. Ekkert minna en þjóðaráætlun þarf til ef uppbygging á að vera í samræmi við líklega fjölgun. Fjölgun ferðamanna var 22% á milli ára í lok ágúst.

Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingasviðs Íslandsstofu, segir að núna sé horft til þess að vöxtur ferðaþjónustunnar verði sex til sjö prósent á ári, næstu árin. Rannsóknir á vegum Íslandsstofu sýni að ferðamannastaður eins og Ísland toppi á einhverjum tímapunkti, og því ekki hægt að reikna þennan vöxt til langrar framtíðar. „En það er eitt sem er alveg öruggt og það er að mikil þörf, sem fer vaxandi, er fyrir fjárfestingu í greininni.“

Þórður vitnar til rannsóknar PKF viðskiptaráðgjafar í Bretlandi þar sem kom fram að fjöldi ferðamanna á Íslandi væri ekki lengur það sem horfa ætti til, heldur að fjölga þeim sem eru eyðsluglaðari. Markaðsstarf til framtíðar ætti að taka hliðsjón af því.

„En þessi hópur gerir kröfur um aðstöðu og aðbúnað í hæsta gæðaflokki og fjárfestingin sem þarf að koma til er í samræmi við það,“ segir Þórður. „Sameiginleg framtíðarsýn þeirra sem að þessu koma er mikilvæg og má segja að til þurfi þjóðaráætlun, svo allir séu að vinna að sama markmiði.“

Þórður bendir á að æskilegt sé að ríkið komi að uppbyggingu nýrra áfangastaða með því að gefa út að viðkomandi svæði séu fyrirhuguð til uppbyggingar. Það snerti samgöngur, aðbúnað og fleira. „Þannig má laða að fjárfestingu að svæðunum eftir að búið er að undirbúa jarðveginn í skipulagsmálum og fleiru.“

Spurður um tölur í þessu samhengi segir Þórður þær ekki liggja fyrir en um tugmilljarða sé að ræða til næstu ára.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, sagði í viðtali við Morgunblaðið nýlega að ef vöxtur ferðaþjónustunnar héldist að jafnaði út áratuginn eins og í ár, þá komi rúmlega tvær milljónir erlendra ferðamanna til landsins árið 2020. Má í því sambandi minna á það að árið 2011 þótti mönnum rétt að landsmenn stefndu á að taka á móti milljón ferðamönnum árið 2020.

„Það var leikur að tölum en það koma nú samt milljón ferðamenn til landsins árið 2015. Ekkert bendir til annars,“ segir Gunnar Valur og bætir við að í ágúst hafi vöxturinn á milli ára verið kominn í 22%. Hann segir að þróunin gefi tilefni til þess að innviðir ferðaþjónustunnar verði stórlega bættir og greinin verði að fá stuðning til að bregðast við. Svo hratt fjölgi ferðamönnum að bregðast verði við án tafar.

Gunnar Valur segir allt undir; hvernig þessum fjölda fólks verði komið til landsins og síðan hvernig eigi að koma fólkinu um landið. Svara þurfi því hvernig uppbygging samgangna eigi að verða í þessu samhengi og öll skipulagning á einstökum svæðum. Um þetta hafi verið rætt í löngu máli, til dæmis gjaldtöku við náttúruperlur. „Innviðirnir eru lykilorðið hérna. Á sama tíma höfum við ekki aðgang að rannsóknum um hvernig þetta verður best gert. Það verður til dæmis að svara því hvað við eigum að gefa öllu þessu fólki að borða, og hvernig. Erum við með nóg af lambakjöti í landinu, ef við mátum okkur við 1,5 til tvær milljónir ferðamanna á ári. Ég er ekki viss um það,“ segir Gunnar Valur. „Hvað eigum við af starfsfólki til að sinna þessu verkefni, og svo framvegis.“

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, bendir á að ef fjárfesting í innviðum kemur ekki til á risaskala þá sé umhverfisslys í uppsiglingu. Alþekkt sé að þolmörk viðkvæmra náttúrusvæða séu þegar brostin. Innleiða verði nýja hugsun í greinina sem lýtur lögmálum sjálfbærrar nýtingar.

**svavar@frettabladid.is**




Gorenje frystiskápur F6151AW • Nýtanlegt rými frystihólfs 206 lítrar
Frystigeta 18kg/dag • Hljóðstyrkur 40 dB • Orkunýtni A+
Breidd 60 cm, hæð 145 cm, dýpt 64 cm • 6 skúffur • 5 ára ábyrgð
Reykjavík Skútuvogur 1 Sími 562 4011
Akureyri Draupnisgata 2 Sími 460 0800
RÖNNING




Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 -18, laugardaga 11 - 15.

## HELSTU FRAMKVÆMDAÁHERSLUR LANDSNETS




**ÓLÍKAR SVIÐSMYNDIR** Í áætlunum Landsnets er annars vegar gert ráð fyrir Norðurlínu sem verið hefur strand í fimm ár og hins vegar Sprengisandslínu. Báðar áætlanir gera ráð fyrir því að orkuafhending verði ótrygg á hluta landsins. Samkvæmt þeirri síðarnefndu verður þó bara Norðvesturland og Vestfjarðakjálki á slíku svæði. Hér að ofan má sjá Suðurnesjalínu 2 og Blöndulínu 3 á öðru kortinu, en Sprengisandslínu á hinu.

# Uppbygging strandar hjá sveitarfélögunum

Lagning Blöndulínu 3 hefur verið strand í viðræðum við sveitarfélög í fimm ár. Ekki sér fyrir endann á biðstöðunni segir aðstoðarframkvæmdastjóri Landsnets. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra kveðst opinn fyrir hugmynd um raflínu um hálendið.

**IÐNAÐUR** Illa hefur gengið að styrkja flutningskerfi raforku, að sögn Guðmundar Inga Ásmundssonar, aðstoðarforstjóra Landsnets. „Framkvæmdir hafa verið strand hjá okkur,“ segir hann. Ekki strandi þó á fjárveitingum heldur komist fyrirtækið ekki í gegnum leyfisveitingaferilinn.

Í gær var birt skýrsla sem unnin var fyrir Landsnet og sýnir þjóðhagslegan kostnað við að gera ekkert fyrir flutningskerfið. Sá kostnaður er sagður hlaupa á milljarðatugum næstu áratugi.

Landsnet hefur unnið að tveimur verkefnum undanfarið sem styrkja eiga flutningskerfið, en það eru svokölluð Suðurnesjalína 2 og Blöndulína 3. „Þar hafa verið miklar deilur, þótt ég vonist til þess að úr greiðist von bráðar á Suðurnesjum þar sem hefur verið kærumál í gangi.“ Blöndulína hafi hins vegar verið í biðstöðu í fimm ár og sjái ekki fyrir endann á því.

„Við vorum með áform uppi um að byggja þrjár línur. Alveg frá Blönduvirkjun í Fljótsdalsstöð í gegn um Akureyri og tengja svo í framhaldinu landshlutana.“ Síðan hafi þörf fyrir aukna orku á Norðausturlandi orðið meiri en spár hafi gert ráð fyrir þannig að fyrirtækið velti fyrir sér hvort ekki þurfi að bregðast hraðar við. „Við vorum bara í síðustu viku að fjalla um þann möguleika að taka línu yfir hálendið og flýta undirbúningi að henni,“ segir hann, en þar er um svokallaða Sprengisandslínu að ræða, sem yrði 220 kílóvolt að stærð. „En það er kannski skjótvirkasta og tæknilega besta lausnin.“

Með slíkum framkvæmdum segir Guðmundur Ingi alls ekki lagt í of mikla flutningsgetu, líkt og gagnrýnendur hafi haldið fram. „Það er mjög mikilvægt að hafa sterkt flutningsöryggi, sérstaklega út frá umhverfissjónarmiðum.“ Til dæmis tapist mikil orka ef flutningskerfi séu veik og þá þurfi jafnvel að virkja meira. „Svo nýtast virkjanir svo illa en við erum og höfum verið með í kerfinu ónýtta orku.“ Það hafi komið berlega í ljós í fyrravetur þegar komið hafi til skerðinga í raforkukerfinu á norðausturhorni landsins um leið og til hafi verið næg orka á suðvesturhorni sem ekki var hægt að flytja austur vegna þess hve flutningskerfið er veikt. „Svo náttúrulega ef koma náttúruhamfarir þá er ekki að sökum að spyrja.“

Guðmundur segir gert ráð fyrir því að endurnýja byggðalínukerfið allt á 220 kílóvolta spennu. „Ef við myndum velja lægri spennu á línuna, 130 kílóvolt, þá myndum við kannski komast upp í að ráða við ástandið eins og það er í augnablikinu, en undan því myndi fjara mjög fljótt.“ Þá þurfi líka sterkar línur til að koma í veg fyrir miklar spennusveiflur í kerfinu. „Þetta snýst líka um að bæta gæðin á rafmagninu.“

Í viðtali við fréttastofu fagnar Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, skýrslunni sem unnin var fyrir Landsnet og segir umræðu um orkuöryggi og þjóðhagslegt mikilvægi hafa setið á hakanum. Þá segist hún ætla að leggja áherslu á orkumál á komandi þingi og kveðst opin fyrir þeirri hugmynd að lagðar verði raflínur í gegnum hálendið til að sameina raforkukerfin á milli landshluta.

olikr@frettabladid.is

## Hluti af áróðri fyrir Sprengisandslínu



Forsendur í skýrslu sem unnin var fyrir Landsvirkjun um framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku halda ekki vatni, að mati **Guðmundar Harðar Guðmundssonar**, formanns Landverndar. „Hver er að fara fram á það að ekkert verði gert í uppbyggingu raforkukerfisins næstu áratugina?“ spyr hann. „Þetta er hluti af áróðri fyrir Sprengisandslínu sem Landsnet leggur nú til,“ bætir Guðmundur við. Flutningsgeta hennar eigi að vera miklu meiri en þurfi vegna fiskimjölsverksmiðja á Austurlandi. Framkvæmdin mæti andstöðu bæði í náttúruverndarhreyfingunni og hjá samtökum í ferðaþjónustu. „Sjálfsagt er að auka afhendingaröryggi, og sama á við um Suðurnes, og leggja viðbótarlínu, en hún þarf ekki að vera stóriðjulína. Í það minnsta þyrfti þá að vera öruggt að á Suðurnesjum komi á endanum stóriðja.“

Framlög frá Kópavogsbæ:

## Deilt um styrk til skákferðar

**SVEITARSTJÓRNIR** Minnihlutinn í bæjarráði Kópavogs gagnrýndi á síðasta fundi hvernig taka ætti ákvörðun um umbeðinn fjárstyrk handa Skáksambandi Íslands. Styrkurinn er vegna þátttöku barna úr Kópavogi í Evrópukeppni einstaklinga í skák í Svartfjallalandi nú í september.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

Meirihlutinn fól málið í hendur Ármanni Kr. Ólafssyni bæjarstjóra en fulltrúar minnihlutans sögðu eðlilegt að íþróttaráð bæjarins tæki málið fyrir á sama hátt og sambærilegar beiðnir vegna keppnisferða í íþróttum.

- gar

SUBARU
Confidence in Motion

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR
Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru

NÝR DÍSIL SJÁLFSKIPTUR



Subaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil
Verð: 6.990.000 kr.
6,4 l / 100 km
í blönduðum akstri



Subaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur
Verð: 5.790.000 kr.
6,5 l / 100 km
í blönduðum akstri



Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur
Verð: 5.390.000 kr.
6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

ENNEMM / SÍA / NM58711



# Láttu hjartað ráða




„Lífræna kaffið mitt er ristað og malað á Íslandi, með vottun frá Túni.
Nú getið þið valið kröftugt espresso eða ljúft meðalristað.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT




Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Nýtt gistiskýli vantar

**Gistiskýlið, húsnæði fyrir útigangsmenn, rúmar ekki lengur þá sem vantar pláss. Reykjavíkurborg leitar að nýju húsnæði. Önnur sveitarfélög eru sögð segja pass.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það er óásættanlegt hvað er búið að vísa mörgum frá í ár,“ segir Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Hann leitar nú að nýju húsnæði fyrir Gistiskýlið, sem er húsnæði fyrir útigangsmenn. Það er rekið af Reykjavíkurborg og Samhjálp.

„Það er ekki auðvelt að finna nýtt húsnæði,“ útskýrir Sigtryggur. „Það þarf að uppfylla ákveðin skilyrði, bæði hvað varðar staðsetningu í borginni, nágranna og svoleiðis.“ Hann segir leitina hafa staðið yfir síðan í vor, en markmiðið er að finna hús miðsvæðis í borginni.

**Gistiskýlið hefur verið vel sótt**

„Það hefur ekki verið rætt um að fjölga rúmum heldur að það verði hægt að setja dýnur á gólfið ef það koma of margir. Það er ekki hægt í húsinu eins og það er núna.“ Sigtryggur bætir við að húsið sé timburhús og því hæpið að vera með marga þar inni ef það kviknar í. „Auk þess er mjög þröngt. Rétt þannig að rúmin komast fyrir.“

Sigtryggur segir slíka aðstöðu fyrir útigangsmenn ekki að finna í öðrum bæjarfélögum. Segir hann margoft hafa verið rætt við sveitarfélögin í kringum höfuðborgina en því hafi verið tekið af fálæti.

nannae@frettabladid.is



**LÖNG RÖÐ** Margir biðu eftir húsaskjóli yfir nóttina þegar blaðamann Fréttablaðsins bar að garði gær. Ljóst var að vísa yrði einhverjum frá. MYND/VILHELM






**ERNA SOLBERG** Leiðtogi Højre verður líklega forsætisráðherra, eftir sigur borgaralegu flokkanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Erna Solberg hrósar sigri

**Hægriflokkarnir í Noregi felldu í gær stjórn Jens Stoltenberg í þingkosningum. Verkamannaflokkur hans verður engu að síður stærsti flokkurinn á þingi.**

**NOREGUR** Erna Solberg, leiðtogi Højre, mun að öllum líkindum setjast að stjórnarmyndunarviðræðum með Siv Jensen, leiðtoga Framfaraflokksins, ásamt leiðtogum Kristilega þjóðarflokksins og Venstre.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Framfaraflokkurinn kemst í stjórn, en borgaralegu flokkarnir fjórir unnu í gær öruggan sigur í þingkosningum.

Stjórn Jens Stoltenberg, leiðtoga Verkamannaflokksins, er því fallin eftir átta ár við stjórnvölinn.

Verkamannaflokkurinn verður engu að síður stærsti flokkurinn á þingi, Høyre næststærstur en Framfaraflokkurinn sá þriðji stærsti.

„Ég hef beðið lengi eftir því að fá að sjá þetta,“ sagði Siv Jensen, leiðtogi Framfaraflokksins, á kosningafundi í gærkvöld þegar ljóst var orðið að flokkurinn hafði unnið stærsta sigur sinn frá upphafi: „Við erum þriðji stærsti flokkur landsins.“

Talningu atkvæða var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun en allt benti til þess að Umhverfisflokkurinn Græningjar næði í fyrsta sinn manni á þing, og voru leiðtogar flokksins harla ánægðir með þann sögulega árangur.

Stoltenberg óskaði Ernu Solberg til hamingju með sigurinn og þakkaði henni málefnalega kosningabaráttu en sagðist engu að síður ánægður með að Verkamannaflokkurinn væri stærsti flokkur landsins.

„Svo lofa ég því að við munum verða með ábyrga og uppbyggilega stjórnarandstöðu,“ sagði hann.

gudsteinn@frettabladid.is

## Úrslit þingkosninganna

Talningu atkvæða var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun en allt stefndi í að borgaralegu flokkarnir fengju 95 til 100 þingmenn en vinstriflokkarnir um 70 þingmenn.

**FLOKKAR FRÁFARANDI STJÓRNAR**

*Verkamannaflokkurinn*
**Um 30 prósent**

*Miðflokkurinn*
**Tæp 6 prósent**

*Sósíalíski vinstriflokkurinn*
**Um 4 prósent**

**BORGARALEGU FLOKKARNIR**

*Højre*
**Um 27 prósent**

*Framfaraflokkurinn*
**Um 16 prósent**

*Kristilegi þjóðarflokkurinn*
**Um 5 prósent**

*Venstre*
**Um 5 prósent**

Sergei Lavrov tók John Kerry á orðinu og gæti hafa valdið straumhvörfum í málefnum Sýrlands:

# Biðlar til Sýrlendinga að eyða efnavopnum

**SÝRLAND** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hvatti Sýrlandsstjórn í gær til þess að láta efnavopnabirgðir sínar af hendi og láta undir stjórn alþjóðasamfélagsins til eyðingar, að því gefnu að það yrði til þess að koma í veg fyrir hernaðaríhlutun vesturveldanna.

Lavrov lýsti þessu yfir í gær eftir fund með sýrlenskum starfsbróður sínum Walid al-Moallem,

„Við vitum ekki hvort Sýrland fellst á þetta, en ef það að afhenda alþjóðasamfélaginu efnavopnin kemur í veg fyrir hernaðarárásir, þá erum við tilbúin til þess að hefja vinnu við þetta með stjórnvöldum í Damaskus,“ segir Lavrov og bætti því við að Rússland ætlaðist til þess að vopnunum yrði einnig eytt.

Moallem tók vel í þessar umleitanir Rússa og sagði að þær væru sýrlenskum almenningi í hag. Rússnesk stjórnvöld treystu á dómgreind sýrlenskra stjórnvalda.

Þessi snúningur Rússa endurómar svör Johns Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á blaðamannafundi fyrr um daginn, en Kerry hefur ferðast vítt og breytt síðustu daga og vikur til að afla stuðnings við aðgerðir gegn Bashar al-Assad forseta og stjórnvöldum í Sýrlandi.

„Hann gæti auðvitað afhent alþjóðasamfélaginu hvert snitti af efnavopnunum á næstu viku, án tafa og leyfa að full grein sé gerð fyrir öllu. En hann er ekki að fara að gera það, og það er ekki gerlegt,“ sagði Kerry.

- þj



**MERKISFUNDUR** Utanríkisráðherra Rússlands ræddi við sýrlenskan starfsbróður sinn í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**FRÁ FÆREYJUM** Hægði á fjölgun ferðamanna.

Flugfarþegar um Færeyjar:

## Minni vöxtur í Vágum í ágúst

**FÆREYJAR** **Alls fóru 8.829 farþegar um alþjóðaflugvöllinn í Vágum í Færeyjum fyrstu átta mánuði ársins. Þeim hefur fjölgað um 5,6 prósent miðað við sama tíma í fyrra. Ferðafólki í ágúst fjölgaði hins vegar aðeins um 2,1 prósent miðað við ágúst í fyrra.**

**Á fréttavefnum Portal.fo er haft eftir Jákupi Sverri Kass flugvallarstjóra að meðal orsaka fyrir minni aukningu sé að sumaráætlunarflug Atlantic Airways hafi hafist síðar en í fyrra og að sumarflug til Lundúna teygist nú fram í september.**

- þj




**RIBENA SELT** Japanska fyrirtækið Suntory keypti Ribena-vörumerkið af GlaxoSmithKline. NORDICPHOTOS/AFP.

Sögufræg vörumerki seld:

## Seldu Ribena-vörumerkið

**BRETLAND** Breska fyrirtækið GlaxoSmithKline (GSK) hefur selt vörumerkin Ribena og Lucozade fyrir 1,35 milljarða sterlingspunda, eða um 260 milljarða íslenskra króna.

Í frétt BBC um málið kemur fram að kaupandinn sé japanska fyrirtækið Suntory sem á fyrir vörumerkið Orangina Schweppes.

GSK ákvað í apríl síðastliðnum að selja bresku vörumerkin svo fyrirtækið gæti einbeitt sér að lyfjahluta GSK. Ribena-ávaxtasafar eru seldir hér á landi og Lucozade-drykkirnir hafa verið seldir hér með hléum.

- hg

Skemmdir á bílastæðum:

## Flestir sökudólga stinga af

**DANMÖRK** **Þeir sem valda skemmdum á bílum sem lagt hefur verið á bílastæðum stinga af í þremur af hverjum fjórum tilfellum. Þetta eru niðurstöður könnunar sem TNS Gallup gerði fyrir fyrirtækið Gjensidige Forsikring.**

**Viðgerð vegna slíkra skemmda kostar að meðaltali fimm til sex þúsund danskar krónur, jafngildi rúmlega 100 þúsunda íslenskra króna að því er greint er frá á vef Kristilega Dagblaðsins.**

**Haft er eftir Christinu Busk, guðfræðingi og eins stofnenda fyrirtækisins Etikos, að segja megi að þannig sé verið að stela mörgum þúsundum af þeim sem verði fyrir tjóni.**

- ibs



UMBREYTING ÞÝSKA ORKUGEIRANS OG ÞRÓUN Á SVIÐI ORKUMÁLA

Iceland School of Energy við Háskólann í Reykjavík og sendiráð Þýskalands á Íslandi efna til ráðstefnu um orkumál **þriðjudaginn 10. september**. Í kjölfar ráðstefnunnar verður orkusýning á vegum DENA opnuð í Háskólanum í Reykjavík.

DAGSKRÁ

13:00 **Welcome**
Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík.

13:05 **Opening**
Thomas Hermann Meister, sendiherra Þýskalands á Íslandi.

13:15 **Sustainable Energy for the Future; The Transformation of the German Energy Sector and in Europe in General**
Dr. Peter Hennicke, fyrrverandi forseti Wuppertal Institute for Climate, Environment and Energy.

13:45 **Energy Research at the University of Michigan**
Dr. Ronald Gilgenbach, prófessor í kjarnorkuverkfræði, University of Michigan.

14.20 Kaffi

14:40 **Educating for Energy; the Making of a Renaissance Man**
Dr. Ágúst Valfells, dósent við Háskólann í Reykjavík.

15:00 **Opportunities in Future Power Generation**
Dr. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

15:20 **Energy Developments in Iceland**
Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

15:40 **Will Iceland be an Island Forever? Potential Interconnection of the Icelandic Power System**
Gunnar Tryggvason, Senior Manager, KPMG Advisory.

16:00 **Closing Remarks and Summary**
Dr. Guðrún A. Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Halla Hrund Logadóttir, framkvæmdastjóri Iceland School of Energy.

Eftir ráðstefnuna opna Thomas Hermann Meister, sendiherra Þýskalands á Íslandi, og Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, orkusýningu DENA (Deutsche Energie-Agentur). Þýska sendiráðið býður upp á léttar veitingar.

**Hvar:** Háskólinn í Reykjavík, Menntavegi 1.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Embassy
of the Federal Republic of Germany
Reykjavik

ru.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 63737 08/13

# BÆTTU SMÁ TORONTO Í LÍF ÞITT

**Verð frá 33.900* kr.**

**Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.**




**Hverfisgatan fer ekki langt á meðan þú ferð eitthvað annað**

Við höfum öll upplifað einstaka listviðburði í Þjóðleikhúsinu. En listin á sér fleiri heimkynni en gamla Skuggahverfið. Í Toronto eru mörg úrvalsleikhús, sex óperufélög, fimmtíu ballett- og danshópar og tvær sinfóníuhljómsveitir. Þar eru líka frábær söfn eins og menningar- og náttúrusögusafnið Royal Ontario Museum og Art Gallery of Ontario svo að ekki sé minnst á allt sem er í boði í þessari háborg kvikmyndalistarinnar í Kanada, „Hollywood norðursins“. Hvernig væri að víkka sjóndeildarhringinn og skreppa til Toronto? Hverfisgatan verður á sínum stað þegar þú kemur til baka.

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# SKOÐUN

Þjóðmenningin er ekki sjálfsprottin.

## Bókmenntahátíð fyrir hvern?

Bókmenntahátíð í Reykjavík hefst í ellefta sinn á morgun og stendur til 15. september. Þar mæta höfundar frá flestum heimshornum, lesa úr verkum sínum, taka þátt í pallborðsumræðum, ræða við lesendur sína og útgefendur, sýna sig og sjá aðra. Í þetta sinn er auk þess á sama tíma haldinn í Reykjavík ársfundur PEN-samtakanna, sem eru samtök rithöfunda frá 100 löndum, þannig að bærinn er undirlagður af bókmenntafólki í nokkra daga, sumum til mikillar hamingju, öðrum til ama og enn öðrum til axlayppinga. Er þetta ekki hátimbruð snobbsamkoma fyrir ofurstyrkta listamenn í 101? spyr almenningur. Snýst þetta ekki bara um eitthvert útlendingadekur? Skiptir þessi hátíð nokkru máli fyrir hinn almenna Íslending?



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Allt eru þetta góðar og gildar spurningar og eðlilegt og hollt að fólk velti fyrir sér gildi bókmenntanna og menningar yfirleitt í því moldroki sem þyrlað hefur verið upp í kringum þá umræðu undanfarið. En um leið er líka eðlilegt að staldra við og spyrja hvað það sé sem ríkisstjórnin á við með þjóðmenningunni sem sumum ráðherrum verður svo tíðrætt um. Af tali þeirra að dæma mætti ætla að hér hafi sprottið upp einhver sérstæð útgáfa menningar sem ekki á sér hliðstæðu annars staðar. Fátt verður hins vegar um svör þegar spurt er hvaðan hún sé þá ættuð og enn færra sé spurt hvernig hún sé skilgreind. Getur þjóð til dæmis átt sér þjóðmenningu ef hún á ekki eigið tungumál? Getur þjóðmenning sprottið upp úr engu án erlendra áhrifa eða tengsla við það sem hæst ber í heiminum á hverjum tíma?

Svarið við báðum spurningum er blákalt nei. Tungumálið er það sem einna helst skilgreinir okkur sem þjóð og ef við glötum því er tómt mál að tala um þjóðmenningu þar sem við gætum ekki lesið okkar stærsta – margir segja eina – menningararf, fornsögurnar, og misstum þar með tengslin við það hver við erum og hvaðan við komum. Sá arfur sýnir líka svart á hvítu að ekkert sprettur af engu og að án þekkingar á bókmenntum og hugsunarhætti annarra þjóða verður engin framþróun í eigin menningu. Þær voru ekki skrifaðar af kotkörlum sem aldrei höfðu komið út fyrir túngarðinn heldur af víðlesnum mönnum með þekkingu á fornritum Grikkja og Rómverja sem sátu margir hverjir á verndaðum vinnustöðum í klaustrum og þurftu ekki nokkrar áhyggjur að hafa af því hvort bækurnar þeirra næðu að standa undir sér eða ekki. Þeir stóðu í bréfaskriftum við aðra munka í klaustrum úti um alla Evrópu og fylgdust vel með því sem þar var í deiglunni. Þeir voru eiginlega á stöðugri bókmenntahátíð, enda varð afrakstur vinnu þeirra í samræmi við það og er enn, mörgum öldum síðar, það sem helst heldur nafni íslenskrar menningar á lofti utan landsteinanna. Þjóðmenningin okkar, sem við erum svo stolt af á tyllidögum, spratt sem sagt að hluta til úr erlendu umhverfi og þarfnast enn í dag stöðugrar vökvunar úr erlendum brunnum. Þess vegna þurfum við bókmenntahátíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




Næstu námskeið byrja 7. og 8. október

- Þetta vinsæla námskeið er fyrir þá sem vilja starfa við tölvuviðgerðir, uppfærslur og endurbætur.
- Námskeiðið er verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia.
- Allar nánari upplýsingar er að finna á ntv.is

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einsdæmi

Fylgið hefur reyst af ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar frá því að hún tók við störfum í vor svo að mörgum þykir nóg um. Stjórnin fór vel af stað, með stuðning 60 prósenta landsmanna á bak við sig, ef marka mátti Þjóðarpúls Capacent, en síðan hefur hallað verulega undan fæti, stjórnin nýtur innan við helmingsstuðnings, og sumir hafa spurt sig hversu lengi þetta geti gengið – svona hratt fylgishrun sé svo gott sem einsdæmi.

### En samt ekki

Friðjón Friðjónsson, almannatengill og fyrrverandi aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, bendir hins vegar á að fylgishrunið eigi sér fordæmi, og að það sé ekki eldra en frá hveitibrauðsdögum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur árið 2009. Friðjón bendir á að stuðningur við sitjandi ríkisstjórn hafi dvínað úr 62,4 prósentum í 49 prósent á milli maí og ágúst 2013, eða um 13,4 prósentustig, á meðan stuðningur við þá fyrri hafi minnkað úr 60,7 prósentum í 48,7 prósent á milli maí og ágúst 2009, eða um 12 prósentustig. Þetta eru ekki ósvipaðir byrjunarörðugleikar. Á hitt ber að líta að ríkisstjórn Jóhönnu hafði þá setið frá því í febrúar, svo að hrapið er ef til vill fyrr á ferð á Sigmundi.



### Ákveðin sátt um ákveðna hluti

Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra sagði í fréttum RÚV í gær að rammaáætlun ætti að vera í stöðugri endurskoðun og hver kynslóð yrði að fá að taka sínar eigin ákvarðanir um orkunýtingu. Þetta er þó ekki einhlítt, að sögn Sigurðar. „Menn geta væntanlega náð ákveðinni sátt um ákveðna hluti – að breyta þeim ekki.“ Þetta virðist vera algjörlega útpælt hjá ráðherranum.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Kæru alþingismenn

STJÓRNMÁL



**Elín Hirst**
alþingismaður

Alþingi verður sett í dag, en þá hefst framhald sumarþings. Ég hef eins og örugglega flestir þingmenn lesið skýrslu Félagsvísindastofnunar sem kynnt var í sumar um það hvaða augum fólk lítur vinnustað okkar. Mig langar í því sambandi að að beina orðum mínum til samþingmanna minna í þessari grein, sem ég hlakka mjög til að hitta á ný, alla sem einn.

Kæru alþingisþingmenn. Ég vil auka virðingu Alþingis á ný og óska eftir samstöðu ykkar í þeim efnum. Fyrir mér var það besta lexían að lesa það sem rýnihóparnir í könnuninni höfðu um okkur þingmenn að segja. Ég gríp hér niður í ummæli: „[Mér þykir vera] ítrekað virðingarleysi þingmanna gagnvart skoðunum hvers annars.“ „Þingmenn standa frekar í skítkasti og karpi en málefnalegri umræðu og samskiptum þeirra er best lýst með því að þeir væru í sandkassaleik.“ „Það fyrsta sem kom upp í huga minn var rifrildi og virðingarleysi.“ „Það myndi sýna styrk þingmanns ef andstæðingur hans kemur með punkt og hann segir „Já ég er sammála þessu, þetta er góð hugmynd hjá þér … Eða jafnvel skipta um skoðun.“ „[Það fer] í taugarnar á manni þegar alþingismenn nota stóru orðin … til að koma skoti á andstæðinginn, sama hvort það er stjórnin eða stjórnarandstaðan t.d.: „ég furða mig á ummælum háttvirtrar…, í staðinn fyrir að vera heiðarlegur og segja sína skoðanir þá er þetta svona skrípaleikur.“

**➜ Ég skora á þingmenn að koma jákvæðir og glaðir til starfa í dag með það að markmiði að breyta samskiptaháttum á Alþingi.**

Í einu rýnihópaviðtalinu segir enn fremur: „Á okkar vinnustöðum myndi ekki líðast sú framkoma sem að þeir sýna hver öðrum þarna á þessum virðulega stað okkar. Þetta er upphaf skýrs virðingarleysis í þjóðinni. Þegar önnur af tveimur stofnunum hér í þjóðinni sem eiga að njóta stærstu virðingar, forsetinn og Alþingi hagar sér svona þá verður þetta sjálfsagður hlutur líka hjá öðrum í þjóðfélaginu.“

Ég skora á þingmenn að koma jákvæðir og glaðir til starfa í dag með það að markmiði að breyta samskiptaháttum á Alþingi. Okkur ætti ekki að verða skotaskuld úr því með sameiginlegu átaki. Ég mun alla vega reyna mitt besta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Satt og logið um streitu



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

> Mikilvægt er að greina streituvalda og losa um þá sem frekast er kostur.

Við þekkjum einstaklinginn sem andvarpar þegar hann kemur inn á fund, í kaffi meðal vinnufélaganna, eða heima fyrir. Kvartar um hausverk eða jafnvel svima og á stundum einhvern óljósan óróleika í líkamanum sem hann getur ekki lýst neitt nánar. Virkar þreyttur og ekki alveg með einbeitinguna í lagi, hefur líklega ekki sofið nógu vel. Þessi einstaklingur getur verið karl eða kona, það skiptir í sjálfu sér engu máli, en kvartanirnar geta verið örlítið mismunandi og þeir sem eru í kringum viðkomandi upplifa þær eins og ég lýsti hér að ofan. Karlmenn eiga þó frekar til að æsast upp eða vera stuttir í spuna en konur eru líklegri til að finna fyrir sveiflukenndri líðan. Líkamstjáningin segir allt sem segja þarf stundum og það virðist vanta gleði.

Það er vel þekkt að langvarandi streita hefur áhrif á okkur í margvíslegu tilliti en það er líka býsna mörgu sem er klínt á hana sem á mögulega ekki alveg við rök að styðjast og ætla ég að tæpa á nokkrum atriðum. Streita er í raun ástand þar sem viðkomandi er ef kalla má í viðbragðsstöðu, það er aukin spenna og líkaminn breytir efnaskiptum sínum og framleiðir aukið magn streituhormóna og adrenalíns. Annars vegar er um að ræða eðlilegt viðbragð sem við þurfum til að bregðast við hættu, og þegar við verðum hrædd, til að koma okkur út úr aðstæðum eins og við gerðum forðum daga, hins vegar getur þetta viðbragð orðið langvinnt og þá veldur það skaða.

Sumir segja að nútímamaðurinn þoli verr streitu en áður en áreiti hefur aukist til mikilla muna og er ekki sambærilegt því sem áður þekktist. Þar má nefna sérstaklega samskiptatækni og samgöngur sem gera það að verkum að við erum mun sveigjanlegri en við vorum áður og rannsóknir hafa sýnt að við þolum meira álag en áður í raun og veru, það getur engu að síður orðið of mikið.

**Greining streituvalda mikilvæg**

Önnur mýta sem er algeng er sú að við grennumst vegna streitu og álags, slíkt er beinlínis rangt enda hefur framleiðsla streituhormóna bein áhrif á sykurbúskap okkar og ýtir þess utan undir fitusöfnun, sérstaklega kviðfitu hjá körlum. Óreglulegur matartími og samsetning fæðu sem ítrekað er skyndibiti hefur einmitt áhrif til þyngdaraukningar. Það er gott að gefa sér tíma til að borða, og þá helst hollt!

Því hefur verið haldið fram að þeir sem eldri eru þoli streitu verr en hinir yngri. Skoðun á þessu í t.d. Evrópu hefur leitt í ljós þveröfugar niðurstöður en þeir sem eru verst haldnir af streitu eru á aldursbilinu 40-45 ára, en hraðasta aukningin er í aldurshópi 20-35 ára. Samspil vinnu og einkalífs er mikið í umræðu hvað þessi atriði snertir og er vinnan oft talin bera ábyrgð á streitu einstaklinga, en það tengist ekki eingöngu vinnuálaginu sem slíku heldur virðast samskipti innan vinnustaðarins og möguleikar einstaklinga á að ráða við verkefni sín og að þau séu við hæfi vera mikilvægari þættir. Möguleikar á að vaxa í starfi og geta haft áhrif á það skipta miklu máli í að halda jafnvægi og draga úr streitu.

Mjög algengt er að fólk telji að afslöppun hafi góð áhrif á það að losa streitu, há gildi streituhormóna og óróleiki kemur hins vegar í veg fyrir það og ætti því að leiðbeina um hreyfingu frekar en hvíld þegar mikið álag er á einstaklingum. Mikilvægt er að greina streituvalda og losa um þá sem frekast er kostur. Einstaklingar eru þarna mismunandi og finna mismikið fyrir streitu, en við vitum að áföll, missir og veikindi geta valdið miklum einkennum. Það sem ber einna helst að varast eru þessi litlu smáatriði sem valda spennu og streitu og viðhalda henni daglega með þeim afleiðingum sem við þekkjum og eru sannarlega að hafa áhrif á líkamann til skemmri og lengri tíma.

Hið rétta er að krónískt álag hefur tilhneigingu til að hækka blóðþrýsting, auka líkur á sykursýki, valda meltingartruflunum, svefntruflunum, minnisskerðingu og síðast en ekki síst ýta undir andlega vanlíðan eins og þunglyndi og kvíða auk ýmissa annarra kvilla. Til að vinna gegn streitu kemur margt til en skipulag og tímastjórnun eru þar lykilatriði auk þess að fólk tjái sig og tali út um það sem því líður illa yfir. Almenn markmið um hollt líferni skipta auðvitað máli og eru ef kalla mætti grundvallaratriði.

## AF NETINU

### „Nýjar og ferskar hugmyndir“

Upplýst hefur verið að stærstu útgerðarfyrirtæki landsins borgi örfáa milljarða í auðlindagjald en hafi grætt 28 milljarða. „Nýjar og ferskar hugmyndir“ sem lofað var fyrir kosningar, birtust strax í framkvæmd þegar 10 milljarðar voru teknar af ríkissjóði til að þessi gróði yrði sem minnst snertanlegur.

Fyrir liggur að auðlegðarskattur upp á 9 milljarða verði lagður niður í þágu innan við 1% af heimilum landsins.

Fyrsta verkið á fyrsta vinnudegi iðnaðarráðherra var að slá álveri í Helguvík föstu, þótt orku og fé vanti, orkan verði fengin með rányrkju að stórum hluta og selja verði hana á gjafverði.

Eitthvað rámar mig í að svipaðar hugmyndir hafi verið hér á kreiki áratugum saman en samt skulu þær heita nýjar og ferskar.

Nú er farið að síast út hvar taka á peninga til að byrja að fylla upp í þetta tæplega 20 milljarða gat sem myndast vegna hinna nýju og fersku hugmynda.

Fyrstu fersku og nýju hugmyndirnar virðast eiga að vera þær að höggva næstum helminginn af framlagi til kvikmyndagerðar, en sá iðnaður hefur blómstrað undanfarin ár með innstreymi milljarða af erlendum gjaldeyri vegna gerðar erlendra kvikmynda hér á landi ...

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*

# Vinstristefnan og efnahagskreppan



STJÓRNMÁL
**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Vinstristefnan og þau meginmarkmið hennar að stuðla að jöfnuði og betra samfélagi eiga brýnt erindi við samtímann, nú þegar auður hefur færst á fárra hendur og ósjálfbær efnahagsstefna hefur leitt Vesturlönd í djúpa kreppu. Samt er því þó iðulega haldið fram að hugtökin hægri og vinstri séu orðin merkingarlaus í pólitískri umræðu. Slíkt minnir á að um það leyti sem mín kynslóð var að skríða upp í gaggó var talað um sigur hægristefnunnar og endalok vinstristefnu í kjölfar falls kommúnistastjórna í Austur-Evrópu. Það leiddi til gagnrýnisleysis á ríkjandi viðhorf og það efnahagskerfi sem hrundi fyrir fimm árum.

Illu heilli hefur þrátt fyrir efnahagskreppu enn lítið borið á því að spurt sé grundvallarspurninga um þetta efnahagskerfi. Meðal þess sem ekki hefur verið rætt nægilega er hvort markaðnum séu einhver takmörk sett og hver þau kunni að vera. Enn þrjóskast menn við að færa æ stærri hluta af sameigninni – skóla, heilbrigðisstofnanir, veitukerfi – undir lögmál markaðarins með þjónustusamningum við einkaaðila sem eiga að græða á öllu en bera takmarkaða ábyrgð. Því miður boða ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar útvistun, aukin gjöld, minna eftirlit, fjölbreyttari rekstrarform og einkavæðingu í ræðu og riti eins og ekkert hafi gerst árið 2008.

Sömu blindu einsýni má líka sjá í Bretlandi þar sem stórir hlutar heilbrigðisþjónustunnar hafa nú verið settir á markað; spítalar eru reknir af einkaaðilum en fyrir opinbert fé; í nafni þess að auka val sjúklinga. Afleiðingin er aukinn ójöfnuður þar sem hægt er að borga fyrir betri þjónustu, óhagkvæmara ríkiskerfi sem sinnir því sem ekki er hægt að útvista og aukinn gróði fyrir einkaaðila sem fæst í gegnum sjúkdóma annarra. Þessar breytingar hafa orðið fyrst með aðgerðum af hálfu Verkamannaflokksins og síðar með róttækari breytingum af hálfu samsteypustjórnar íhaldsmanna og frjálsra demókrata. Má þá segja að hægrið og vinstrið hafi runnið saman? Svarið við því er nei. Segja má hins vegar að hægristefnan hafi náð þeim hæðum að verða slíkt viðmið í samfélaginu að ýmsir sem kenna sig við vinstri hafi vanrækt að spyrja stóru spurninganna. Er það siðferðilega rétt eða skynsamlegt að einkaaðilar geti hagnast á þeim grunnstoðum sem samfélög hafa byggt upp saman? Er sá hagnaður samfélagsins alls? Eykur það jöfnuð og velsæld í samfélaginu? Svar mitt við því er líka nei. Það skiptir máli nú sem aldrei fyrr að vinstrimenn haldi uppi merki hins sameiginlega sem er ekki endilega arðbært á markaði en er mikilvægur þáttur í að byggja gott samfélag fyrir alla.

**Sömu hættumerki hér**

Annað dæmi sem sýnir þörfina á öflugri vinstristefnu er launakjör almennings. Á árunum fyrir hrun jókst ójöfnuður mjög hérlendis. Það var réttlætt með því að góðærið væri slíkt að öllum gengi betur en áður. Eftir hrun þegar bent var á að jöfnuður hefði aukist þegar vinstristjórn tók við stjórnartaumunum svöruðu hægrimenn því að „nú hefðu allir það jafn skítt“. Þar var litið fram hjá því að allar rannsóknir sýna að þar sem jöfnuður er mikill er velsæld samfélagsins alls meiri. Þess vegna er mikilvægt að horfa til þess við gerð komandi kjarasamninga að bæta kjör almennings, sérstaklega þeirra verst settu. Þar þarf að hafa sjónarmið jafnaðar í huga.

> ➜ Meðal þess sem ekki hefur verið rætt nægilega er hvort markaðnum séu einhver takmörk sett og hver þau kunni að vera.

Nú ber nokkuð á því að kreppan sé notuð til að réttlæta áframhald hægristefnunnar. Þannig virðast forkólfar Evrópusambandsins á borð við Olli Rehn leggja alla áherslu á að jöfnuði verði náð á fjárlögum með niðurskurði en ekki skattahækkunum samkvæmt fréttum sem berast frá Frakklandi þar sem hefur verið farin blönduð leið skattahækkana og niðurskurðar líkt og hér var gert á Íslandi í tíð síðustu ríkisstjórnar. Niðurskurður og samdráttur á samneyslu í kreppunni virðast nú helsta markmið hægrisinnaðra afla sem gæti leitt til vaxandi ójafnaðar og minni lífsgæða á komandi árum fyrir íbúa Evrópu og Bandaríkjanna. Sömu hættumerki eru á lofti hér á Íslandi með nýrri hægristjórn. Viðfangsefni vinstriaflanna er því að standa vaktina, og tryggja að félagsleg markmið og sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi við mótun efnahagsstefnu komandi ára til þess að stuðla að bættum hag okkar allra.

EINSÖNGSNÁM
*
VOX FEMINAE
CANTABILE
HRYNJANDI

Domus vox
SÖNGSKÓLI OG SÖNGHÚS KVENNA
Laugavegur 116, sími 511-3737
domusvox@domusvox.is // www.domusvox.is
VETRARSTARFIÐ ER HAFIÐ

STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR
í Domus vox
æfingar á mánudögum.
*Frístundakort Reykjavíkurborgar
í Grafarvogskirkju
fyrsta æfing og innritun nýrra nemenda, 10-12 ára verður þriðjudaginn 17.september kl. 16.00-17.30.

* NÁMSKEIÐ *
JAZZ • POP • MUSICAL • KÓRSKÓLI
SÖNGKORT • TÓNSKÖPUN

*STÓRTÓNLEIKAR*
kóra Margrétar J. Pálmadóttur
í Hallgrímskirkju á aðventu.

KENNARAR SÖNGSKÓLANS:
Agnar Már Magnússon
Antonia Hevesi
Erla Stefánsdóttir
Guðrún Árný Guðmundsdóttir
Hanna Björk Guðjónsdóttir
Helga Laufey Finnbogadóttir
Inga Backman
Maríus Sverrisson
Sigríður Soffía Hafliðadóttir
Stefán S. Stefánsson

Skólastjórn:
Margrét J. Pálmadóttir
Stella Óladóttir

SPENNANDI VERKEFNI VETRARINS:
*HÚS BERNHÖRÐU ALBA
í samstarfi við Borgarleikhúsið
*PARÍSARFERÐ
Vox feminae á afmælisári
*JÓLATÓNLEIKAR
STÚLKNAKÓRS REYKJAVÍKUR
í Grafarvogskirkju
*TÓNLEIKAR með MAXIMUS
og Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu
*SÓL OG SÖNGUR á Ítalíu

✝



Eiginkona mín og móðir okkar,

**GUÐNÝ MAGNÚSDÓTTIR**
**fyrrum húsfreyja Öngulsstöðum,**

lést föstudaginn 6. september. Jarðsett verður frá Munkaþverárkirkju mánudaginn 16. september kl. 13.30.

**Sigurgeir Halldórsson**
**Jóhannes Geir Sigurgeirsson** **Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Halldór Sigurgeirsson** **Sigríður Ása Harðardóttir**
**Jóna Sigurgeirsdóttir** **Lúðvík Gunnlaugsson**
**Snæbjörg Sigurgeirsdóttir** **Friðrik Friðriksson**
**og fjölskyldur.**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**LILJU ÞORGEIRSDÓTTUR**
**frá Mýrum í Villingaholtshreppi, áður til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Furugerðis og Eirar fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Ingibjörg Hrund Björnsdóttir**
**Þorgeir Björnsson** **Vilhelmína Sigurðardóttir**
**Þórdís Björnsdóttir** **Eðvald Möller**
**Lilja Guðrún Björnsdóttir** **Páll Helgi Möller**
**Gylfi Björnsson** **Anna Þóra Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Faðir okkar, stjúpi, tengdafaðir, afi og langafi,

**BENJAMÍN JÓHANNESSON**
**frá Hellissandi, Melabraut 18, Seltjarnarnesi,**

lést hinn 6. september síðastliðinn.

**Þóra Haraldsdóttir**
**Arngrímur Benjamínsson**
**Sverrir Benjamínsson**
**Jóhannes Geir Benjamínsson**
**Snjólaug Benjamínsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegi faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,

**BRAGI EIRÍKSSON**
**bifreiðarstjóri, Hvassaleiti 40,**

lést á Landspítalanum Fossvogi hinn 6. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju hinn 13. september kl. 15.00.

**Jón Helgi Bragason** **Margrét Jónsdóttir**
**Freyr Bragason** **Halldóra Brynjarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

✝



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**ÁSDÍS MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Orustustöðum,**

lést hinn 4. september á heimili sínu, Boðaþingi 5-7, Kópavogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 12. september kl. 13.00.

**Elsa Guðjónsdóttir** **Jóhannes G. M. Vignisson**
**Svanhvít Guðjónsdóttir** **Einar Ingi Einarsson**
**Magnús Guðjónsson** **Hulda Ragnheiður Árnadóttir**
**Friðgeir Guðjónsson** **Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Katrín Guðjónsdóttir** **Þorvaldur Gunnlaugsson**
**Guðdís Guðjónsdóttir** **Gunnar Karl Karlsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST** 10. SEPTEMBER 1938

## Tískufrömuðurinn Karl Lagerfeld fæddist

Á þessum degi árið 1938 í Hamborg í Þýskalandi, fæddist tískufrömuðurinn Karl Otto Lagerfeld, eða Karl Lagerfeld eins og hann er kallaður. Lagerfeld flutti ungur að árum til Parísar þar sem hann hóf nám í listasögu og myndlist. Þegar hann var tvítugur vann hann fatahönnunarkeppni og var í kjölfarið boðin vinna hjá franska tískumerkinu Balmain. Lagerfeld kom með sína fyrstu fatalínu þegar hann var 23 ára, þar sem hann hannaði undir nafninu Roland Karl. Fatalínan fékk ekki góða dóma og það fór lítið fyrir honum næstu fimm árin. 28 ára gamall hóf hann störf sem fatahönnuður hjá tískumerkinu Tiziani og var Elisabeth Taylor ein af hans fastakúnnum. Eftir nokkurra ára starfsferil hjá Tiziani, fór ferill hans hægt og rólega á flug. Í dag hefur Lagerfeld unnið með sænska tískurisanum H&M, hannað fyrir tískumerkið Chloé og nú starfar hann sem yfirhönnuður tískuveldanna Chanel og Fendi.



# Fengu útflutningsverðlaun Íslandsstofu

Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi í svefnrannsóknum, opnaði síðuna Betri svefn ásamt fleirum þar sem boðið er upp á hugræna atferlismeðferð við svefnvandamálum í gegnum internetið sem hefur fengið frábærar viðtökur.

„Rannsóknir sýna að svona „fjarmeðferð“ getur skilað jafnmiklum árangri og meðferð sem fer fram hjá meðferðaraðila. Með þessu móti er hins vegar hægt að hjálpa miklu fleirum, ná til allra landshluta og bjóða upp á þessa þjónustu á mikið lægra verði en áður hefur þekkst,“ segir Erla Björnsdóttir, sálfræðingur með sérhæfingu í HAMS-S og doktorsnemi í svefnrannsóknum við Læknadeild Háskóla Íslands, sem stofnaði nýverið fyrirtækið Betri svefn í samstarfi við læknana Steindór Odd Ellertsson og Gunnar Jóhannsson.

Betri svefn tók þátt í Gullegginu 2013 sem er frumkvöðlakeppni íslenskra háskólanemenda og nýútskrifaðra, fyrr á árinu og var meðal tíu efstu og fékk sérstök útflutningsverðlaun Íslandsstofu.

Aðspurð segir Erla að hugmyndin að stofnun Betri svefns hafi sprottið út frá þeim vandamálum sem blasi við okkur í nútímasamfélagi. „Á hverjum tíma glíma 10-15% fullorðinna við langvarandi svefnleysi. Samhliða því eykst notkun svefnlyfja og á Íslandi hefur orðið gríðarleg aukning síðastliðna áratugi. Sálfræðimeðferð er mjög dýr og það eru fáir sálfræðingar sem bjóða upp á sérhæfða þjónustu fyrir fólk með svefnvandamál,“ segir Erla.



**SVEFNVANDAMÁL GRÍÐARLEGA ALGENG** Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi, er einn af stofnendum vefsíðunnar Betri svefn, sem sérhæfir sig í hugrænni atferlismeðferð við svefnvandamálum í gegnum internetið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Betri svefn, býður fólki með svefnvandamál upp á sambærilega meðferð og það fengi á stofu hjá sálfræðingi. „Með þessum hætti gefum við fólki tækifæri til að hafa samskipti við sinn sálfræðing heima í stofu. Á síðunni eru fyrirlestrar, persónuleg ráðgjöf og spjallborð þar sem einstaklingar geta rætt saman um vandamál sín,“ segir Erla um síðuna sem hefur verið starfrækt síðan í júlí.

Rannsóknir í Bretlandi hafa sýnt að hugræn atferlismeðferð hjá fagaðilum á internetinu, skilar jafn góðum árangri og meðferð á stofu hjá sálfræðingi. „Verkefnið hefur svo sannarlega undið upp á sig og nú þegar er byrjað að vinna að því að koma meðferðinni á laggirnar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Við sjáum fyrir okkur að þessi lausn geti minnkað notkun svefnlyfja til muna í framtíðinni,“ segir Erla að lokum.

asa@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**422** Selestínus I. varð páfi.

**1908** Fyrstu almennu leynilegu kosningarnar til Alþingis voru haldnar. Áður hafði verið kosið í heyranda hljóði. Þátttaka stórjókst og fór í 75,5%.

**1911** Minnisvarði eftir Einar Jónsson um Jón Sigurðsson var afhjúpaður framan við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Síðar var styttan flutt á Austurvöll.

**1942** Þýsk orrustuflugvél gerði árás á tvo bæi á Breiðdalsvík og á fimm báta úti fyrir Austurlandi. Skemmdir urðu á húsum, en fólk slapp án meiðsla

**1950** Í Hellisgerði í Hafnarfirði var afhjúpaður minnisvarði um Bjarna Sívertsen riddara, sem hóf verslun í Hafnarfirði 1793 og hefur verið nefndur faðir staðarins.

**1960** Samtök hernámsandstæðinga voru stofnuð.

**1977** Síðasta aftaka með fallöxi fór fram í Frakklandi.

**2006 Michael Schumacher, sjöfaldur heimsmeistari í Formúlu 1, tilkynnti að hann myndi hætta keppni í Formúlu 1 í lok ársins.**



✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR TORFADÓTTIR**
**Kambavaði 1, Reykjavík,**

sem lést sunnudaginn 1. september, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju 11. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Barnaspítala Hringsins.

**Sigurður Kr. Finnsson**
**Stefán Torfi Sigurðsson** **Sigurey Valdís Eiríksdóttir**
**Finnur Sigurðsson** **Hildigunnur Friðriksdóttir**
**Ármann Viðar Sigurðsson** **Elín Sigríður Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR HANNESSON**
**frá Hækingsdal í Kjós, Lautasmára 5, Kópavogi,**

lést á dvalarheimilinu Ísafold mánudaginn 2. september. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. september kl. 13.00.

**Guðný Anna Eyjólfsdóttir**
**Rúnar Gils Hauksson**
**Jón Hjálmar Hauksson** **Ike Tiora Hauksson**
**Hannes Hauksson** **Hjördís Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

**KYRRÐARSTUND**
**Alþjóðadagur sjálfsvígsforvarna er í dag. Af því tilefni verða haldnar kyrrðarstundir í Dómkirkjunni í Reykjavík og Glerárkirkju klukkan 20.**




ÓTRÚLEGA FLOTTUR




Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lokað á laugardögum




Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16


# DLUX 1000 STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

**GENGUR VEL KYNNIR** *Sólarvítamínið DLUX 1000.*



Þegar hausta tekur er algengt að D-vítamín birgðir okkar lækki. Því er upplagt að hefja inntöku á D-vítamíni til að fyrirbyggja ýmsa fylgikvilla haustsins og styrkja ónæmiskerfið fyrir komandi vetur. Dlux 1000 er fyrsta D-vítamínið á markaðnum sem er í munnúðaformi. Kostir þess eru fjölmargir þar sem upptakan getur verið mun betri en í D-vítamíni sem tekið er inn í töfluformi.

Dlux 1000 er munnúði sem er sprautað undir tungu til að tryggja fljóta og örugga upptöku. Vítamínið er blandað olíu og fer því beint inn í blóðrásina í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn og getur því hentað þeim sem eiga erfitt með að melta töflur. Í brúsanum eru u.þ.b. 100 sprey sem er um þriggja mánaðar skammtur en úr einu spreyi fást 1000 IU (alþjóðaeiningar) af D-vítamíni.

Dlux 1000 brúsarnir eru sérstaklega hentugir og passa fínt í veski eða í úlpuvasa. Ekki skemmir fyrir að úðinn er með bragðgóðu náttúrulegu piparmyntubragði og getur hentað öllum fjölskyldumeðlimum sex ára og eldri.

**HVAÐ ERU BÆTIEFNI UNDIR TUNGU OG HVERNIG NÝTAST ÞAU ÞÉR?**

Dlux 1000 er sprautað undir tunguna til að tryggja fljóta og örugga upptöku. Þegar efnin komast í snertingu við slímhúðina undir tungunni seytla þau í gegnum hana. Þar sem vefurinn undir tungunni er ríkur af háræðum berast þau þaðan hratt inn í blóðrás líkamans. Í samanburði þurfa efni, sem fara í gegnum meltingarveginn fyrst, að fara í gegnum efnaskipti í lifrinni áður en þau komast út í blóðrásina. Þá leið þurfa öll þau lyf og fæðubótarefni, sem við gleypum og frásogast í meltingarveginum, að fara. Þau fara úr meltingarveginum til lifrarinnar og tapa á þeirri ferð sinni stórum hluta virkni sinnar vegna hreinsunar- og efnaskiptavirkni lifrarinnar. Inntaka undir tungu hefur fjölmarga kosti fram yfir hefðbundna inntöku. Þar sem efnin komast fljótt í snertingu við blóðrásina verður virkni þeirra hraðari og rýrnun þeirra minni því aðeins munnvatnsensím komast í snertingu við þau á leið sinni inn í blóðrásina.




**AF HVERJU AÐ TAKA INN D-VÍTAMÍN?**

D-vítamín er oft talið eitt nauðsynlegasta vítamín sem mannslíkaminn þarfnast. D-vítamín spilar lykilhlutverk í bein- og tannheilsu og hefur einnig styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið. Þegar hausta tekur með lækkandi sól er ansi algengt að D-vítamínbirgðir landans fari einnig lækkandi.

Best er að fá D-vítamín úr sólinni og fæðunni okkar en það getur þó verið þrautinni þyngra í hinu daglega amstri og og íslensku veðurfari að fá nægilegt magn af D-vítamíni.

**LITIÐ TIL SÓLAR**
Dlux 1000 er fyrsta D-vítamínið á markaðnum sem er í munnúðaformi. Kostir þess eru fjölmargir þar sem upptakan getur verið mun betri en í D-vítamíni sem tekið er inn í töfluformi.

**HVAR?**
Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Kjarval.




Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



BetterYou™
Eins og náttúran hafði í hyggju

MagnesiumOil
Sport
Spray

Færðu oft harðsperrur eða vöðvakrampa?

- Fyrirbyggir harðsperrur og vöðvakrampa
- Flýtir fyrir endurheimt vöðva eftir æfingar
- Borið beint á vöðvana og virkar strax



Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is og á Facebook síðunni Better You Ísland

Fæst í flestum apótekum, Lifandi Markaði, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Crossfit Reykjavík, Crossfit Hafnarfirði, Systrasamlaginu og TRI Suðurlandsbraut


# HEILSA

# FRÆÐIR FÓLK UM SPILAFÍKN

**HEILSA** *Norræna fagráðið í forvörnum og ráðgjöf stendur fyrir námskeiðum um spilafíkn í október. Bandarískur sérfræðingur fjallar um spilavanda og Daníel Þór Ólason, dósent í sálfræði, fjallar um stöðu spilafíknar á Íslandi.*

Aðalfyrirlesari á námskeiðunum Peningaspil og spilavandi, sem haldin verða dagana 7. til 9. október annars vegar og 10. til 11. október hins vegar, er Lori Rugle. Hún er klínískur sálfræðingur frá Bandaríkjunum sem rekur þar meðferðarstofnun," segir Daníel Þór Ólason, dósent við sálfræðideild Háskóla Íslands, um námskeið sem Norræna fagráðið í forvörnum og ráðgjöf stendur fyrir. „Fyrra námskeiðið er ætlað fagfólki sem vinnur við fíkniráðgjöf og fjallar um meðferð við spilafíkn. Síðara námskeiðið er ætlað spilafíklum í bata," segir Daníel sem sjálfur mun flytja opnunarfyrirlestur á fyrra námskeiðinu. Þar mun hann fjalla um stöðu spilavanda á Íslandi.

„Ég mun tala stuttlega um rannsóknir sem gerðar voru á unglingum á árunum 2004 til 2008 en algengi spilavanda þeirra var 2-3 prósent," segir Daníel en bendir á að á þessum árum hafi þeim unglingum fjölgað sem prófað höfðu peningaspil á netinu. „Þeim fjölgaði úr 2-3 prósentum og upp í tuttugu prósent," segir Daníel og telur bráðnauðsynlegt að gera fleiri rannsóknir á spilavanda unglinga til að sjá hver þróunin hefur verið frá 2008.

Daníel mun einnig fjalla um rannsóknir á fullorðnum. „Ég mun annars vegar tala um þrjár faraldsfræðilegar rannsóknir sem ég gerði 2005, 2007 og 2011 og hins vegar um langtímarannsókn þar sem ég mældi sama fólkið 2007 og 2011," segir Daníel og telur áhugavert að velta fyrir sér þessu tímabili, til dæmis hvort efnahagshrunið hafi haft einhver áhrif á þátttöku fólks í peningaspilum. Hann segir litla aukningu hafa orðið á milli áranna 2005 og 2007 en hins vegar hafi orðið töluverð aukning frá 2007 til 2011. „Töluvert meiri þátttaka var í leikjum á borð við lottó og bingó en einnig jókst þátttaka í póker og því að leggja pening undir á netinu," lýsir Daníel og segir það sama hafa verið uppi á teningnum í langtímarannsókn sinni. „Þar spilaði fólk meira 2011 en 2007 en aukningin var mest í lottó." Í báðum rannsóknum kom hins vegar í ljós minnkandi þátttaka í spilakössum.

Daníel mun einnig fjalla um spilavanda Íslendinga. „1,6 prósent fullorðinna áttu við verulegan vanda að stríða árin 2005 og 2007. Árið 2011 voru tölurnar aðeins hærri, eða 2,5 prósent. Hins vegar kom sú hækkun ekki fram í langtímarannsókninni," upplýsir Daníel sem leitar nú svara við þessu misræmi. Ein ástæðan gæti verið aldur þeirra sem tóku þátt í langtímarannsókninni. „Tengslin við spilavanda nú er mest í spilun á póker, á internetinu og í spilakössum. Þeir sem spila helst póker og á netinu eru í meirihluta ungir karlmenn á aldrinum 18 til 25 ára og því falla þeir ekki inn í langtímarannsóknina," veltir Daníel fyrir sér.

Hann telur aukninguna á spilavandanum árið 2011 ekki að rekja til almennrar aukningar í þátttöku í peningaspilum heldur sé hægt að rekja hana til þess að fleiri ungir karlmenn spili póker og leggi undir á netinu. „Hvort sú aukning haldi áfram er óvíst og fleiri rannsókna er þörf," segir Daníel.




**RANNSAKAR SPILAFÍKN**
Daníel Þór Ólafsson, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur á fyrra námskeiðinu um Peningaspil og spilavanda sem haldið verður í október.
MYND/GVA



**ATH!**
Námskeiðin fara fram í Brautarholti 4a, 7. til 9. október og 10. til 11. október. Nánari upplýsingar er að finna á www.forvarnir.is


OUTLET
SKÓR



Fullt af ódýrum skóm fyrir alla á frábæru verði

Kulda skór St. 27-35
Stelpu skór St. 27-35
Dömu skór St. 36-41
Herra skór St. 39-51
Herra skór St. 41-48

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407


# HAUSTBLÚSINN KVADDUR



Það getur verið þrautin þyngri að horfa fram á langan vetur þegar sumarfrídögum sleppir. Þá er um að gera að framlengja sumarskapið með öllum tiltækum ráðum.

- Haldið áfram að vera ævintýragjörn þótt fríið sé búið. Skráið ykkur á spennandi haustnámskeið, farið í sund með fjölskyldunni, göngur og útivist, og kallið á góða vini í skemmtilega matar-, föndur- eða lesklúbba.
- Sumar er tími vellystinga og óþarfi að fara of geyst í heilsuprett haustsins. Farið rólega af stað og naslið á hollu en ljúffengu nasli eins og krydduðum hnetum, möndlum og fræjum.
- Látið eins og þið séuð enn í sumarfríi með réttu andrúmslofti í nærumhverfinu. Til dæmis með sumarlegum og frískandi sítrónuilmi sem lyftir geði og minnir á heita og vermandi sumarsól.
- Blandið ykkur ljúffenga ávaxtakokteila með heilnæmu kókosvatni. Það minnir á strandlíf ásamt því að næra líkamann og setja frískandi hug í sálina.
- Í sumarfríum gefst kærkominn tími til að endurmeta líf sitt, starfsvettvang og ástarsambönd. Ekki láta þessa hluti danka þótt lífið gangi nú aftur sinn vanagang. Gefið ykkur tíma til daglegrar íhugunar.
- Ef allt um þrýtur og eirðarleysið verður óbærilegt er þjóðráð að bóka helgarferð í sumarbústað eða út til framandi borgar. Það er kraftaverkameðal gegn haustblúsnum.



**SYNT MÓT VETRI**
Þótt skuggar hausmyrkurs séu farnir að setja svip sinn á dagana er óþarfi að hætta að hafa gaman.


LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
- Nemendur geta að námi loknu gengið í Leiðsögufélagið -

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni".*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands
Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

REYNSLUAKSTUR
KIA Pro cee'd GT

FORVAL Í BÍL ÁRSINS LJÓST

AUDI SPORT QATTRO Í FRANKFURT

FORSTJÓRI TESLA FER Í LANGFERÐ
Elon Musk hyggst aka þvert yfir Bandaríkin á rafbíl

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 10. SEPTEMBER 2013



# BÍLGREINASAMBANDIÐ SKORAR Á STJÓRNVÖLD AÐ STYÐJA VIÐ RAFBÍLAVÆÐINGU

**Þó svo að nokkrar gerðir rafbíla standi fólki til boða í dag er langt í land með að Íslendingar nái þeim árangri sem lagt var upp með og nágrannalönd okkar hafa náð. Bílgreinasambandið vill einnig leiðrétta misræmi í vörugjöldum.**

Bílgreinasambandið skorar á stjórnvöld að styðja við rafbílavæðingu á Íslandi og telur mikilvægt að framlengja ákvæði um niðurfellingu á virðisaukaskatti af rafbílum um næstu áramót svo halda megi áfram á þeirri braut að gera rafbíla að raunhæfum valkosti fyrir almenning og fyrirtæki. „Mikil vinna hefur verið unnin á síðustu misserum af fjölmörgum aðilum og samtökum í þá veru að gera bíla knúna áfram af rafmagni að kosti fyrir almenning þegar kemur að bílakaupum. Bílainnflytjendur hafa lagt mikinn þrýsting á framleiðendur að flýta kynningum á rafbílum hérlendis og er sú vinna að skila sér nú á síðustu mánuðum.

### Langt í land

Þó svo nokkrar gerðir rafbíla standi fólki til boða í dag er langt í land með að Íslendingar nái þeim árangri sem lagt var upp með og nágrannalönd okkar hafa náð,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. „Verðið á rafbílum er hlutfallslega hátt miðað við aðra kosti og er fullvíst að það hefur úrslitaáhrif á endanlegt val fólks við bílakaup þegar allir kostir eru metnir. Niðurfelling á virðisaukaskatti á rafbíla þetta árið hefur gert það að verkum að í lok árs má reikna með að um fimmtíu rafbílar verði nýskráðir hér á landi sem er stórt skref upp á við, en er þó lítið hlutfall seldra bíla,“ segir Özur.

### Leiðrétta misræmi

Bílgreinasambandið óskar einnig eftir samvinnu við stjórnvöld við útfærslu breytinga á vörugjöldum sem snúa að atvinnubílum, en misræmi er í vörugjöldum á pallbílum annars vegar og sendibílum hins vegar sem eru undir fimm tonnum að þyngd. „Sem dæmi um misræmið þá er hægt að taka tvo bíla sömu gerðar og eins búna að öllu leyti nema annar þeirra er með heilu húsi yfir grind og kallast sendiferðabifreið. Hinn er með opnum palli fyrir aftan bílstjórahús. Á pallbílinn leggjast sömu vörugjöld eins og á venjulegan fólksbíl og í flestum tilfellum 65% vörugjald. Á sendibílinn hins vegar leggst aðeins 13% vörugjald.

### Pallbílar ekki kostur

Þetta er mikið misræmi og gerir það að verkum að pallbílar eru ekki kostur sem vinnubíll þó svo hann henti í mörgum tilfellum betur til slíkra notkunar en hefðbundinn yfirbyggður sendibíll,“ segir Özur. Hann segir það von Bílgreinasambandsins að stjórnvöld verði tímanlega tilbúin með útfærslu á öllum þeim breytingum er kunna að verða og að allar breytingar vörugjalda bifreiða séu útfærðar í samvinnu við bílgreinina.






KIA
PRO CEE´D GT

1,6 L. BENSÍNVÉL, 201 HESTÖFL
Framhjóladrif

Eyðsla 7,3 l/100 km
í bl. akstri

Mengun 171 g/km $CO_2$
Hröðun 7,4 sek.
Hámarkshraði 230 km/klst
Verð frá 5.500.000 kr.
Umboð Askja

- Fegurð
- Akstursgeta
- Staðalbúnaður

- Skortur á næmni í stýri
- hægur upp snúningskúrfuna

# FYRSTI SPORTARINN FRÁ KIA

## Kia hafði það að markmiði að smíða bíl sem hentaði jafn vel til sportlegs aksturs og daglegrar keyrslu og það hefur tekist.

**KIA PRO CEE´D GT**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Kia hefur ekki verið þekkt fyrir smíði sportbíla hingað til, en nú hefur orðið breyting þar á. Engu að síður er þessi fyrsti sportbíll Kia byggður á einum mest selda bíl Kia, hinum frekar smá cee´d og heitir Kia Pro cee´d GT. Alls ekki þjált nafn, sem hefur reyndar orðið skotspónn hjá mörgum þeim sem um bílinn hafa fjallað. Þessum nýja bíl var reynsluekið í sumar í ægifögru fjallalandslagi austurrísku Alpanna með heimastöð í hinum fræga skíðabæ Kitzbühel. Það voru ekki slæmar aðstæður fyrir svo skemmtilegan bíl sem þennan og vegirnir alveg frábærir til þess að fá það besta fram úr þessum sprettharða og skemmtilega bíl.

Kia cee´d GT er aflmesti bíll sem Kia hefur nokkurn tíma smíðað og með 201 hestafl í svo litlum bíl er hann harðduglegur að skila ökumönnum milli hinna fallegu skíðabæja sem þarna eru á hverju strái. Eftirminnileg var leiðin milli Kitzbühel og Zell am See, bæði hvað lýtur að fegurð og gæðum vegarins þar á milli. Túrbína bílsins hafði nóg að gera meðan á því stóð og allt í einu blasti við hið stórfallega stöðuvatn sem bærinn fríði er kenndur við.

**Þrælöflug lítil vél**

Þrátt fyrir allt aflið er vélin ekki stór, aðeins með 1,6 lítra sprengirými en öflug túrbínan bætir miklu við. Þetta er sama vélin og er í bíl systurfyrirtækis Kia, Hyundai Velostar Turbo, sem ekki fæst reyndar á Íslandi. Allt aflið fer til framhjólanna og það vill oft verða illviðráðanlegt í bílum að senda mikið afl eingöngu til þeirra, en svo vel er þessi bíll settur upp að það veldur engum vandræðum og afturendinn gengur ekki laus fyrir vikið.

Að sjálfsögðu var reynsluakstursbíllinn beinskiptur og sex gíra skiptingin er sportleg og hæfilega stutt á milli gíra. Bíllinn er 7,4 sekúndur í hundraðið og hámarkshraði hans er 230 km/klst. Þetta eru tölur sem narta í bíla eins og Ford Focus ST, Opel Astra VXR og Megane RS og enn þá nær þeim tölum sem Volkswagen Golf GTI skilar. Bíllinn er eins og allir aðrir bílar Kia um þessar mundir hannaður af Peter Schreyer, enda er hann gullfallegur og alveg í stíl við getu hans.

**Góður við hvers konar akstur**

Kia Pro cee´d GT er eins auðveldur og góður í rólegum bæjarakstri og hann er þegar auðir vegir leyfa að á honum sé tekið. Þá er hann reyndar í essinu sínu og hann fer einstaklega vel með mikinn hraða og elskar að fara hratt í beygjur. Fjöðrunin er



Kia Pro cee´d GT í fallegu umhverfi austurrísku Alpanna.

**KEMUR EKKI Á ÓVART**

Að Kia fjölgi gerðunum í B stærðarflokki þar sem sá flokkur telur 26% allra þeirra bíla sem seldir eru í heiminum.







Flott innrétting og sportleg sæti sem halda einkar vel utan um ökumann, enda veitti ekki af við frísklegan reynsluaksturinn.



miklu stífari en í bróður hans sem ekki er með GT í nafninu, enda annað ekki við hæfi fyrir sportbíl. Hún er þó ekki svo hörð að hún fari illa með farþegana, bara einfaldlega vel stillt fyrir getu hans að öllu leyti. Þarna er því á ferðinni bíll sem er þægilegur við allar aðstæður og hver sem er getur keyrt. Kia setti það sem markmið við smíði bílsins að hann væri þægilegur bíll við hvers konar akstur sem myndi höfða til flestra. Það hefur greinilega tekist.

Ef eitthvað er hægt að setja út á bílinn er það helst það að sumir jafningjar hans gefa meiri tilfinningu fyrir stýringu og hann mætti fara hraðar upp snúningskúrfuna í hverjum gír. Því verða skiptingar ekki eins hraðar og óska mætti og fyrir vikið tælist ökumaður til þess að fara mjög hátt í snúningi áður en skipt er upp. Hann þolir það samt mjög vel. Bíllinn veitir ökumanni mikla öryggistilfinningu, er stöðugur á vegi með lítinn hliðarhalla, gott grip og á miklum hraða finnur ökumaður sig mjög öruggan.

**Enn teiknar Peter Schreyer fagurlega**

Bíllinn er mjög laglegur að innan og Recaro-sportsætin gefa strax til kynna hvernig á að nota þennan bíl. Ekki minnkar sú tilfinning er augun berast að stýrinu, sannkallað smátt sportstýri og mjög flott. Reynsluakstursbíllinn var með leðursætum með fallegum rauðlitum saumum, allt í stíl við mjög svo fallega innréttingu bílsins. Búnaður bílsins er frekar á pari við mun stærri og dýrari bíla sem falla í D- eða E-stærðarflokk. GT-bíllinn verður bæði í boði þrennra dyra og fimm dyra. Eitt það alflottasta við þennan bíl eru álfelgurnar sem eru hreinlega einar þær fallegustu sem reynsluökumaður hefur augum litið.

Fyrstu bílarnir af þessum frísklega sportbíl koma til Íslands í þessum mánuði og full ástæða fyrir þá sem kjósa kraftmikla litla bíla að kíkja á gripinn og verðið ætti ekki að hræða frá. Það er frekar skrítið til þess að hugsa að liðin eru næstum sjö ár síðan að Kia kom fram með cee´d-bílinn og því eru þeir allir enn í ábyrgð og það sama á náttúrulega líka við þennan GT-bíl. Það ætti að veita framtíðareigendum hans mikla hugarró. Það var kominn tími á að Kia tæki þátt í samkeppninni um „hot hatch“ smábíla.


Á milli spretta á hinum lipra og sprettharða Kia Pro cee'd GT.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is


Tesla Model S á hraðhleðslustöð og þarf ekki nema 1,5 klukkutíma hleðslu á dag.

## Þvert yfir Bandaríkin á Tesla

Forstjóra Tesla, Elon Musk, er svo í mun að sanna fyrir löndum sínum að óhætt sé að kaupa rafmagnsbíl að hann ætlar á einum slíkum í ferðalag þvert yfir Bandaríkin. Ferðin hefst í Los Angeles og endar í New York og fararskjótinn verður Tesla Model S. Milli borganna eru 5.150 kílómetrar og ætlar hann að fara leiðina á sex dögum og með honum í för verða börn hans fjögur. Það þýðir að Musk þarf að aka 860 kílómetra á dag. Þykir mörgum nóg um og ekki er víst að ferðalangarnir njóti mjög ferðarinnar í þessum þolakstri. Musk segir að það muni duga að hlaða bílinn aðeins í 1,5 klukkutíma á dag á hraðhleðslustöðvum og á meðan ætli fjölskyldan að matast og skoða sig um. Vonandi eru góðir veitingastaðir nálægt stöðvunum og fallegt útsýni. Musk er ekki enn lagður af stað en gaman verður að sjá hvernig honum mun ganga.


Elon Musk, forstjóri Tesla, fer í langferðalag með börnin.

Gott úrval af notuðum bílum


VW Polo Comfortline.
Skr. 09.2007,
ekinn 110 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.
Nýleg tímareim.
verð 1.150.000.



Tilboð kr. 2.390.000.
VW Touareg V8. Árgerð 2004, ekinn 110 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
Verð 2.880.000.


FORD Focus Trend Station.
Skr. 03.2005,
ekinn 139 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.
nýleg tímareim
Verð 880.000.


SUZUKI Liana 4x4.
Skr. 12.2004,
ekinn 162 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.
Verð 790.000.


SUZUKI Grand Vitara V6.
Skr. 05.2007,
ekinn 75 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur.
Verð 2.390.000.


SUZUKI Grand Vitara XL-7. Skr. 06.2007,
ekinn 91 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur 7 sæta.
Verð 2.390.000.


TOYOTA Avensis Sol.
Skr. 05.2006,
ekinn 154 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur.
Verð 1.490.000.


SUZUKI Swift GL 4x4.
Skr. 05.2010,
ekinn 57 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.
Verð 1.850.000.

SUZUKI
Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið

# Audi Sport Quattro í Frankfurt

Klæðin verða tekin af arftaka hins fræga Quattro-bíls Audi á bílasýningunni í Frankfurt sem er að hefjast. Quattro-bíllinn kom fyrst fram árið 1980 og vann ófáar rallkeppnirnar og setti brautarmet í Pikes Peak fjallaklifurkeppninni árið 1987. Sá bíll var 306 hestöfl, sem þótti hressilegt þá. Arftakinn er með 700 hestöfl í farteskinu sem hann bæði fær með 560 hestafla 4,0 lítra V8 vél og Hybrid kerfi.

Aflið er sem fyrr sent til allra hjólanna. Bíllinn er 3,7 sekúndur í hundraðið og hámarkshraðinn er 306 km/klst. Útlit nýja bílsins ber talsverðan keim af þeim gamla. Bíllinn er að miklu leyti smíðaður úr koltrefjum og verður því mjög léttur. Bíllinn á að geta farið fyrstu 50 kílómetrana aðeins á rafmagnsafli sem kemur frá 14,1 kWh lithium ion rafhlöðum. Með þessum Hybrid búnaði eyðir bíllinn aðeins 2,5 lítrum og mengun bílsins er aðeins 59 g $CO_2$.


Audi Quattro er 700 hestöfl en eyðir aðeins 2,5 lítrum á hundraðið.


Audi Qattro, árgerð 1980.


Mercedes Benz A-Class, bíll ársins í fyrra á Íslandi.

# Forval fyrir bíl ársins ljóst

Nú er orðið ljóst hvaða bílar hafa komist í forvalið í hverjum flokki fyrir kjör á bíl ársins. Flokkarnir eru þrír, jeppar og jepplingar, minni fólksbílar og stærri fólksbílar. Í flokki jepplinga og jeppa eru komnir í úrslit bílarnir Mazda CX-5, Honda CR-V og Ford Kuga. Í flokki minni fólksbíla eru það bílarnir Nissan Leaf, Volkswagen Golf og Renault Clio. Í flokki stærri fólksbíla eru komnir í úrslit bílarnir Lexus IS 300h, Tesla Model S og Skoda Octavia. Kjör á bíl ársins og sigurvegari í hverjum þessara flokka verður kunngert seinna í þessum mánuði og er það Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) og Bílgreinasambandið sem standa að kjörinu.


Tesla Model S er þurftafrek á rafhlöður.

# Tesla gæti þurrkað upp rafhlöður fyrir fartölvur

Eftirspurnin eftir eins framleiðslubíl Tesla, Model S, er á góðri leið með að fylla framboðið á LiOn rafhlöðum sem framleidd eru í heiminum. Því gætu fartölvuframleiðendur barist við Tesla um þá framleiðslu sem í boði er. Í Tesla Model S eru 2.000 fleiri sellur er í hverri meðalfartölvu. Í ár er búist við því að 21.000 Tesla Model S-bílar verði seldir og að sú tala verði komin upp í 40.000 bíla árið 2015. Þá fyrst verður vandinn raunverulegur, þ.e. ef ekki verður mjög aukið við framleiðslu rafhlaðanna. Panasonic hefur á prjónunum að auka framleiðsluna til að mæta þessari stórauknu þörf, bæði með stækkun núverandi verksmiðja og byggingu nýrra.




Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér þegar þú lætur skoða bílinn þinn hjá Aðalskoðun. **Nýjasta skoðunarstöðin okkar er að Grjóthálsi 10**. Hlökkum til að sjá þig, það er alltaf heitt á könnunni.

**Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900**

Aðalskoðun

Aðalskoðun, faggiltur skoðunaraðili í 19 ár

**Reykjavík** Grjóthálsi 10 Sími 590 6940
**Reykjavík** Skeifunni 5 Sími 590 6930
**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900
**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935
**Reykjanesbær** Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970

**www.adalskodun.is** og **www.adal.is**







## KEYPT & SELT

### Til sölu




Nuddbekkur til sölu. Upplýsingar í s. 698 2260.

### Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Verslun




## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

### Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

### Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT,**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

### fasteignir

**Engimýri 13 – Garðabæ**
**Til sýnis á morgun miðvikud. 11 sept. milli kl. 18-19.00**




230 fm einbýlishús með tvöföldum bílskúr í barnvænu í grónu hverfi í Garðabæ. Húsið er vel skipulagt og vel viðhaldið af núverandi eigendum. Sólskáli. Fjögur svefnherbergi. Parket. Stutt í grunnskóla og framhaldsskóla. Hús á besta stað.

**Verð 57.9 millj.**

**Bárður tekur á móti áhugasömum. S 896-5221.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI**
Veiðileyfi í staðará snæfellsbæ til sölu. Fyrir landi traða. Veiðihús fylgir. Kast Guesthouse. S. 421 5252 eða 893 4515.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði óskast

**MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST**
Sushisamba óskar eftir matreiðslumanni í fullt starf. Hægt er að senda allar umsóknir á eythor@ sushisamba.is

Tvítugur, reglusamur og reyklaus drengur í skóla og vinnu leitar sér að ódýri íbúð helst miðsvæðis. Lofar skilvísum greiðslum. Jóhann Dagur S. 618-1350.

### Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að fá leigt 40- 60 fm þjónusturými/aðstöðu á jarðhæð með góðu aðgengi. Óskastaðsetning væri 101 til 108. Þetta er fyrir heilsutengda þjónustu og vel kemur til greina að deila húsnæði með öðru fyrirtæki t.d. hárgreiðslustofu. sigurdur10660@ gmail.com S. 864-9222

**HÚSVAGNA OG HÚSBÍLA EIGENDUR**
Til sölu tvö mjög hagkvæm 51,6 m2 frístundabil. Millloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012, www.solbakki.com

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**KAFFIHÚS, BAKARÍ**
Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslusstörf:

Húsgagnahöll, vinnutími alla virka daga frá

14-19, 11-19 í Glæsibæ, 11-19 í Suðurveri og

13-19 í Mjódd.

Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
**Umsóknir sendist á begga@ bakarameistarinn.is**

**N1 STAÐARSKÁLI**
N1 óskar eftir kraftmiklum og áreiðanlegum liðsmönnum til starfa við ræstingar á þjónustustöð félagsins í Staðarskála.Unnið er á 12 tíma vöktum, viku í senn og frí í viku. Fyrsta flokks gistiaðstaða er fyrir starfsfólk á vakt í nýlega endurbættu húsnæði. Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Hlöðversdóttir, stöðvarstjóri í síma 861-7756
**Áhugasamir sæki um á www. n1.is**

Óskum eftir vönum pizzbökurum á Hróa á Smiðjuvegi og Austurstræti. Uppl. 774-5959 eða hroi@hroi.is

**KAFFI ZIMSEN**
Óskar eftir vönum barþjónum, fólki í uppvask og dyravörðum. Uppl. í s. 775 3939 / 774 5959

**BAKARI / BJÖRNSBAKARÍ SKÚLAGÖTU**
Bakari óskast sem fyrst. Upplýsingar á staðnum fyrir hádegi. Lárus s. 551 1531.

### Atvinna óskast

65 ára mann vantar vinnu. Margt kemur til greina. Húsasmiður að mennt. S. 844 7901.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

**HANNES RÍKARÐSSON TANNLÆKNIR**
Hannes Ríkarðsson tannlæknir er fluttur í Bolholt 4, 3 hæð, lyftuhús, hringstiginn er farinn. Síminn er 568-5865.

### Einkamál

Hugguleg 52 ára kona vill kynnast einhleypum,reglusömum manni 50-60 ára sem vinnur dagvinnu, hefur áhuga á útiveru,ferðalögum,heilsusamlegum lífsstíl,m.vinskap í huga. Reykleysi skilyrði! Áhugasamir sendi ítarl. uppl.m.mynd á ljufa22@gmail.com



# Miklaborg hefur til sölu:

116 Reykjavík

## Búagrund

Stórglæsilegt 270 fm einbýlishús á einni hæð á sjávarlóð innst í botnlanga með aukaíbúð í bílskúr.

Húsið var allt hannað að innan af Elínu Kjartansdóttur arkitekt og útsýni úr húsinu er stórbrotið.

Þrjú rúmgóð barnaherbergi ásamt hjónasvítu með sér baðherbergi og fataherbergi.

Öll tæki, innréttingar og gólfefni eru af vandaðir gerð.

Gengið er úr garði niður í fjöru í suður og vestan megin er opið svæði sem ekki verður byggt á samkv. deiluskipulagi.

Verð **87,0 millj.**



104 Reykjavík

## Langholtsvegur

Algjörlega endurnýjað einbýlishús á tveimur hæðum sem hefur verið tekið í gegn bæði að innan sem utan.

Húsið er 225 fm að stærð og var byggt við það og endursteinað að utan fyrir nokkrum árum.

Herbergin eru 4 og eru öll rúmgóð.

Allar innréttingar og gólfefni eru nýleg.

Rúmgóður pallur er í vestur með heitum potti.

Eign í algjörum sérflokki.

Verð **59,5 millj.**







221 Hafnarfjörður

## Svöluás 46

Nýlegt, glæsilegt einbýlishús með fallegum innréttingum og miklu útsýni til allra átta á þessum vinsæla stað í Hafnarfirði.

Eignin er 241 fm að stærð og er á þremur pöllum.

Svefnherbergin eru 4 og öll rúmgóð ásamt hjónasvítu með sér baðherbergi og miklum skápum.

Innréttingar og gólfefni eru af vandaðri gerð.

Mikið útsýni er af þaksvölum til allra átta.

Eignin er viðhaldslétt að utan og sérlega vel skipulagt.

Verð **79,9 millj.**








Nánari upplýsingar veitir

**Ólafur Finnbogason,** Sölufulltrúi

olafur@miklaborg.is **sími:** : 822 2307



**Óskar R. Harðarson**

hdl. og löggiltur fasteignasali



F A S T E I G N A S A L A N

# MIKLABORG

**www.miklaborg.is**

Við erum við símann

**569 7000**

Síðumúla 13  108 Reykjavík

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar






## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 2 | 4 | | 3 | 1 | | 7 |
| | | 4 | 7 | | | | 2 | |
| 5 | 6 | | 8 | | | 4 | 9 | |
| | | | 5 | 4 | | | 7 | 8 |
| | 5 | | 2 | 9 | | | | 4 |
| | | | | | | 5 | | |
| 4 | 2 | | 9 | | | | | |
| | 9 | 6 | | 7 | 5 | | | |
| 1 | | 5 | 3 | | | | | 6 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | 6 | | 3 |
| 9 | | 5 | 7 | | | | | |
| | 4 | 6 | | | 1 | | | |
| | | | | | 6 | 8 | 2 | 4 |
| | | | | | | 7 | | 1 |
| 8 | | | | 3 | | | | |
| 3 | | | | | 5 | | 6 | |
| 5 | | | | 2 | | 4 | 8 | |
| | 2 | | 8 | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | 6 | 8 | 3 | | |
| | | | 4 | | 2 | | | |
| | 8 | | | | | | 1 | |
| | 4 | 5 | | | | 6 | | |
| | | | | | 9 | 8 | | |
| | | | 2 | 7 | | | | 3 |
| | | | | 5 | | | | |
| | 6 | | | | | | | 9 |
| | 1 | 3 | | 9 | 4 | 2 | 7 | 6 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 7 | | | 2 | | |
| | | | | | 5 | 3 | 8 | |
| | 3 | 8 | | 6 | | 7 | | |
| | | 1 | 8 | | | | 2 | |
| 3 | 7 | | 2 | | | | 6 | |
| | | | | 5 | | | 4 | |
| 7 | | | 4 | | 9 | | | |
| 4 | 6 | | | 1 | | 8 | | 2 |
| 9 | | | 6 | 2 | 3 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | | 9 | |
| 9 | 3 | | 7 | 6 | 4 | | | |
| | | | | | 2 | 7 | 1 | 3 |
| | 9 | | | | | 5 | | 7 |
| 6 | | | | | | 8 | 4 | |
| | | 8 | | 7 | | 9 | | 1 |
| 7 | 4 | | 1 | | | | 8 | |
| 3 | 6 | | 5 | 8 | | | | |
| | | | 2 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | 4 | | |
| | | 4 | | 9 | | 6 | 5 | 8 |
| | | | | | 5 | 7 | | |
| 3 | | 9 | | 5 | | | | 4 |
| | | | | | | 5 | | 1 |
| | | 2 | | 1 | 6 | | | |
| 6 | | 3 | | | | | | 2 |
| 7 | 4 | | | | | | | |
| 8 | | | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Hamingjusamasti maðurinn er sá sem hugsar skemmtilegustu hugsanirnar.

*- Óþekktur*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** spjall, **6.** tveir eins, **8.** drulla, **9.** ælunarkorn, **11.** slá, **12.** aðfall, **14.** skaf, **16.** pot, **17.** húsfreyja, **18.** tugur, **20.** til, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** draga, **3.** frá, **4.** þegn, **5.** augnhár, **7.** frægð, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** koddi, **16.** munda, **19.** kringum.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** oo, **8.** for, **9.** gró, **11.** rá, **12.** aðsog, **14.** skrap, **16.** ot, **17.** frú, **18.** tíu, **20.** að, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** toga, **3.** af, **4.** borgara, **5.** brá, **7.** orðstír, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** púði, **16.** ota, **19.** um.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Magnús V. Pétursson er þekktur fyrir tilþrif sín við skákborðið. Hér teflir hann við Einar S. Einarsson.**

**Hvítur á leik**



1. Rf7! (Bf7+ hefði líkað dugað vel) 1...Rxf7 2. Bxf7 Kf8 3. Hh8+ Kxf7 4. Dh7# mát! Goðinn-Mátar vann á sunnudag sigur á Víkingaklúbbnum í æsispennandi úrslitaviðureign Hraðskákkeppni taflfélaga.

**www.skak.is** Meistaramóti Hellis lauk í gær.

AFTURKÖLLUN SKERÐINGA
HÆKKUN BÓTA



# „Læk“ á loforðin!

**Ríkisstjórnin hefur lofað okkur leiðréttingum. Mætum á Austurvöll í dag klukkan þrjú og hvetjum hana til dáða.**

**Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara.**

ÖBÍ

LEB

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2367

VERT

# IFÖ SILVER
Sturtuhurðar
og sturtubotnar



RÚNAÐ STURTUHORN
90x90 cm - **59.900 kr**

FERKANTAÐ STURTUHORN
80x80 cm - **57.900 kr**
90x90 cm - **59.900 kr**



FERKANTAÐUR STURTUBOTN
80x80 cm - **47.500 kr**
90x90 cm - **49.500 kr**



RÚNAÐUR STURTUBOTN
80x80 cm - **47.500 kr**
90x90 cm - **49.500 kr**

Ifö TENGI

**Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15**
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 / tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 / www.tengi.is



# Tuttugu og sjö skáld frá sautján löndum

Bókmenntahátíð í Reykjavík hefst í ellefta sinn á morgun. Sautján erlendir höfundar frá sextán löndum mæta til leiks og að auki munu tíu íslenskir höfundar taka þátt. Upplestrar, pallborðsumræður og fleiri uppákomur fara fram víða um bæinn en allar upplýsingar um dagskrána er að finna á heimasíðu hátíðarinnar.




LYFJA
– Lifið heil

Nicorette
+15%
afsláttur af
Nicorette innsogslyfi og
Nicorette QuickMist munnholsúða



www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

Gildir út september




# Má bjóða þér fremst í röðina?

## Komdu endilega í Hörpusveitina

**Við viljum bjóða þér að ganga til liðs við Hörpusveitina, nýja vildarklúbbinn okkar.**

Þar bjóðast þér einstök kjör og ýmis fríðindi. Þú getur keypt miða í forsölu á valda viðburði og jafnvel fengið þá á betri kjörum.

Einnig færð þú reglulega sent rafrænt fréttabréf okkar, Hörpustreng. Þeir sem skrá sig í Hörpusveitina geta átt von á glæsilegu Gjafakorti Hörpu.

**Skráðu þig í Hörpusveitina á harpa.is/horpusveitin**




**Vertu með í Hörpusveitinni — þú gætir átt von á Gjafakorti Hörpu.**

Brandenburg

**Skráðu þig núna og fáðu spennandi inngöngutilboð**




### Svanavatnið
Sérstök forsala

Svanavatnið er eitt dáðasta dansverk allra tíma. Önnur sýning er á Svanavatninu 13. nóvember vegna mikillar aðsóknar – forsala fyrir þá sem eru í Hörpusveitinni.




### Moscow Virtuosi
15% afsláttur

Hin þekkta rússneska hljómsveit leikur undir stjórn Vladimir Spivakov ásamt hinum 13 ára píanóleikara Daniel Kharitonov. Í Eldborg í október.




### STOMP
Tilboð kynnt síðar

Dans, tónlist og leikrænni tjáningu er blandað saman í mögnuðum hrynjanda. Frábær fjölskylduskemmtun í desember í Hörpu.

ICELANDAIR **er aðalstyrktaraðili Hörpu** Arion banki

**www.harpa.is/horpusveitin**




# Skeggið passar við allt

Ekkert lát virðist vera á skeggsöfnun íslenskra karlmanna, sem safna andlitshári í öllum litum, stærðum og gerðum. Fréttablaðið tók tali nokkra herramenn sem eiga það sameiginlegt að vera hrifnir af skegginu sínu.

**1.** Hvenær byrjaðir þú að safna skeggi?
**2.** Hver er helsti kosturinn við að vera með skegg?
**3.** Hver er helsti ókosturinn við að vera með skegg?
**4.** Finnst þér skeggið passa við allt?
**5.** Fylgir mikil umhirða skegginu?
**6.** Hvar kaupir þú helst föt á Íslandi?
**7.** Ætlar þú að halda skegginu?


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Snæbjörn Ragnarsson
Samfélagsráðgjafi
**Aldur** 35 ára

**1.** Ég hef safnað skeggi alveg frá því það byrjaði að koma, þá var ég í kringum 16 ára gamall.

**2.** Skeggið er þarna frá náttúrunnar hendi og maður á að safna þessu. Annars er ég mjög heitfengur og það er hálf heimskulegt að vera með þetta.

**3.** Mér finnst ekki vera margir ókostir en það er kannski óheppilegt þegar ég festi sinnep í skegginu, það á til að koma fyrir.

**4.** Já, þetta fer mínu lífsformi mjög vel. Ef ég fer í mjög fínar veislur þá kannski greiði ég skeggið.

**5.** Ég hirði það ekki mikið, er mjög latur við það. Fer til Stjúra hárgreiðslumanns á tveggja til þriggja vikna fresti og læt hann snyrta allt sem er fyrir ofan háls. Þess á milli tek ég ekki einu sinni upp greiðu.

**6.** Ég kaupi fötin mín bara þar sem þau fást, annars versla ég mikið við Kormák og Skjöld. Mamma er líka dugleg að prjóna lopapeysur á mig.

**7.** Já.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skjöldur Sigurjónsson
Eigandi Ölstofu og Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar
**Aldur** 48 ára

**1.** Það er mjög lengi, ég hef verið með skegg síðan á síðustu öld.

**2.** Þeir eru mjög margir.

**3.** Mér finnst ekki vera neinir ókostir.

**4.** Já, skeggið prýðir allan klæðnað.

**5.** Alls ekki, ég snyrti það reglulega og klippi til svo það sjáist í varirnar.

**6.** Ég versla að sjálfsögðu í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.

**7.** Ég hef ekkert hugsað út í það. Það má vel vera að ég láti það fjúka einn daginn.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Baldvin Þormóðsson
Starfsmaður á auglýsingastofunni Fíton
**Aldur** 19 ára

**1.** Ég byrjaði að safna skeggi þegar ég var að hitta stelpu árið 2011. Við vorum saman en ég klúðraði því sambandi og ákvað að raka mig ekki fyrr en ég fengi hana aftur. Það tókst og ég hef verið með skegg síðan.

**2.** Helsti kosturinn við skeggið er að það gefur manni meiri karakter. Svo er ég of ungur til að djamma á skemmtistöðum en kemst frekar inn ef ég er með skegg. Mér finnst einnig að það glæði andlitið meira lífi að vera með skegg.

**3.** Það er kannski smá galli að þegar ég borða skyr, þá festist það í skegginu. Ég er með frekar stutt skegg svo þetta er ekki stórt vandamál.

**4.** Ég klæði mig ekki út frá skegginu en maður er kannski ekki eins fínn þegar maður er með skegg. Sem er jákvætt fyrir mig því ég var stundum of fínn þegar ég var ekki með skegg.

**5.** Ég snyrti það tvisvar í viku svo það verði ekki sítt og krullað. En það er aftur á móti minni umhirða að vera með skegg, áður þurfti ég að raka mig nánast daglega.

**6.** Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, Kron, GK Reykjavík og Spútnik.

**7.** Já, klárlega ætla ég að gera það.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ásgeir Börkur Ásgeirsson
Fótboltamaður
**Aldur** 26 ára

**1.** Ég hef alltaf verið að safna skeggi en fyrir ári safnaði ég í góða sex mánuði og var þá kominn með frekar mikið skegg. En svo rakaði ég mig og er að byrja að safna aftur núna.

**2.** Kosturinn er aðallega hvað þetta er töff. Ég hreinlega elska þessa skeggmenningu.

**3.** Gallinn er að þegar ég borða þarf ég alltaf að vera með þurrkur á mér því maturinn á það til að festast í skegginu.

